

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	III / 232	
Staður og stund: Reykjavík - Miðvikudaginn 6. apríl 2005. Klukkan 13:00.			
Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur, brot á lögum um bókhald			
Vitni: Hreinn Loftsson	Kennitala: 120156-4039		
Starf/staða: Lögmaður og stjórnarformaður Baugs-Group hf.	Vinnusími: 587 1286 / 898 2105		
Lögheimili: Sunnufliöt 15, 210 Garðabæ	Sími: 565 8895		
Dvalarstaður:	Sími:		
Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.			

Hreinn er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Hreini er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti Baugs-Group hf með hlutabréf í Arcadia og uppgjör í tengslum við yfirtöku Baugs-Group hf á A-Holding, dótturfélagi Baugs-Group hf. Hreinn er stjórnarformaður Baugs Group hf og í ljósi þess er hann mættur til skýrslutökunnar sem vitni.

Hreini er kynnt sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Jafnframt að röng skýrsla vitnis getur varðað refsíábyrgð. Hreini er einnig kynnt vitnaskyldan.

Hreinn kveðst þekkja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig.

Hreinn er beðinn um að gera grein fyrir fjárfestingarstefnu Baugs-Group hf og aðkomu stjórnar félagsins að henni á tímabilinu 2000-2001.

Hreinn segir að haustið 2000 hafi fyrst vaknað hugmynd um kaup hlutabréfa í Arcadia í ljósi þess að Baugur hafði verið í samstarfi við fyrirtækið vegna TopShop á Íslandi, en þá höfðu starfsmenn félagsins og forstjóri tekið eftir því hvað verðmæti hlutabréfa í Arcadia hafði lækkað mikið og þar væru tækifæri, til að eignast stóran hlut í félaginu á góðu verði. Hreinn segir að stjórn Baugs hafi átt fund í lok ágúst eða byrjun september 2000 í London og heimsótti meðal annars höfuðstöðvar Arcadia í London. Hreinn segir að stjórninni hafi verið það ljóst að þetta væri áhættusöm fjárfesting og að fleiri þyrftu að koma að þessari fjárfestingu.

Hreinn segir að það sjónarmið hafi verið uppi innan stjórnar Baugs og starfsmanna þess að aukið svigrúm til vaxtar hlyti að vera utanlands, vegna stærðar félgsins á innlendum markaði.

Í upphafi hafi félagið ekki verið tilbúið að taka stórstíg skref í þessu sambandi og fjárfest lítillga í Arcadia. Í lok árs 2000 hafi áhuginn á þessari fjárfestingu aukist, einkum í ljósi þess að í nóvember 2000 hafi tekið við nýir stjórnendur hjá Arcadia sem höfðu mikinn metnað fyrir uppbyggingu Arcadia.

Hreinn segir að Baugur hafi notið ráðgjafar frá KPMG og Deutsche Bank í London varðandi þessa fjárfestingu. Á þessum tíma hafi félagið sett sér það markmið að eignast 20% hlut í Arcadia. Stjórn félagsins hafi verið það ljóst að til þess að ná því markmiði hafi fleiri fjárfestar þurft að koma að verkefninu, þó með þeim hætti að Baugur hefði kauprétt á öllum 20% hlutnum frá þeim fjárfestum og þeir fjárfestar myndu fá hlutabréf í Baugi í skiptum. Þá hafi stjórn Baugs talið að félagið myndi eflast á hlutabréfamarkaði við þessa fjárfestingu.

06006

JH

Hreinn segir að Jón Ásgeir hafi stýrt þessu verkefni og hann ásamt Jóni Scheving hafi verið hugmyndafræðingar að þessu fjárfestingarverkefni. Hann hafi í umboði stjórnar leitað til þeirra fjárfesta sem tóku þátt í þessu verkefni með Baugi.

Hreinn bendir á að það hafi verið tíð fundarhöld innan stjórnar Baugs um þetta verkefni og þá sérstaklega varðandi hvaða fjárfestar kæmu að þessu verkefni með Baugi.

Hreinn er beðinn um að gera grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum stjórnar Baugs-Group í tengslum við viðskipti er varða kaup Baugs og annarra íslenskra aðila á hlutabréfum í Arcadia og stofnun félagsins A-Holding, gagngert til að halda utan um fjárfestinguna í Arcadia. Til upprifjunar og hliðsjónar eru fundargerðir stjórnar Baugs-Group hf, frá 12.01.2001, 29.01.2001, 16.03.2001 og 04.05.2001 bornar undir Hrein. Hreinn er einnig spurður hvort hann minnst þess að haldnir hafi verið fleiri stjórnarfundir í tengslum við þetta.

Hreinn kveðst ekki minnst þess að það hafi verið haldnir fleiri formlegir fundir um þetta innan stjórnar Baugs. Hins vegar hafi mikill áhugi verið fyrir þessu verkefni innan stjórnar og menn rætt óformlega saman um málið.

Varðandi umfjöllun og ákvarðanir stjórnar Baugs kveðst Hreinn vísa í fundargerðir stjórnar, auk þess sem hann hafi gert grein fyrir hér að ofan. Einnig kveðst Hreinn vilja vísa til þeirrar greinargerðar sem hann afhenti lögreglu þann 28.05.2004, en þar hafi hann gert grein fyrir þessari fjárfestingu í Arcadia.

Hreinn tekur það fram að á aðalfundi Baugs fyrir árið 2001 sem haldinn var þann 26. mars 2001 hafi stjórn Baugs fengið heimild til að auka hlutfé um 500 milljónir að nafnverði. Í greinargerð með tillögunni var gerð nánari grein fyrir tillögunni og hvernig þessu aukna hlutfé yrði ráðstafað til yfirtöku á A Holding – þannig að hluthafar A Holding fengju bréf í Baugi í skiptum fyrir hlutabréf sín í Arcadia. Hreinn bendir á að fylgiskjal 20 með þeirri greinargerð sem hann afhenti lögreglu sé ljósrit af þeirri kynningu sem Jón Ásgeir hafi kynnt á aðalfundinum.

Hreini er kynnt að lögregla hafi í þágu rannsóknar málsins fengið afhentan hluthafasamning hluthafa A-Holding, frá 4. apríl 2001. Jafnframt var þann sama dag gerður samningur “Deed of Call Option” sem er á milli Baugs og A-Holding. Þar fær Baugur kauprétt til að kaupa hlutabréf A-Holding í Arcadia á fyrirfram skilgreindu verði á fyrirfram skilgreindu tímabili, þ.e. að Baugur ætti rétt á að kaupa öll hlutabréf A-Holding í Arcadia með 34% álagi á kostnaðarverð A-Holding, fyrir þann 28. febrúar 2002, auk þess sem Baugur tæki á sig þann kostnað sem A-Holding hafði haft vegna hlutabréfanna, samanber t.l. 3.C í samningnum. Hreinn er spurður hvort hann þekki þessa samninga aftur. Jafnframt hvernig fjallað hafi verið um þennan samning af hálfu stjórnar Baugs.

Hreinn kveðst þekkja þennan samning aftur. Hann kveðst hins vegar ekki hafa undirritað Shareholder’s agreement samninginn, það hafi verið Þorgeir Baldursson, Guðfinna Bjarnadóttir og Jóhannes Jónsson sem hafi undirritað þann samning fyrir hönd stjórnar Baugs. Sömu aðilar hafi undirritað “Deed of Call Option” samninginn. Hreinn segir að þessir samningar hafi verið í fullu samræmi við það sem rætt hafði verið og ákveðið innan stjórnar Baugs.

Samkvæmt gögnum sem Hreinn hefur afhent lögreglu var þessi kaupréttarsamningur ekki nýttur af hálfu Baugs heldur gert nýtt samkomulag um yfirtöku Baugs á A-Holding. Í því sambandi er kaupsamningur dags. 10. maí 2001, borinn undir Hrein, en samkvæmt honum keypti Baugur alla hluti í A-Holding með 16% álagi og greiddi með hlutabréfum í Baugi á genginu 12,6 að nafnverði. Verðið er skilgreint í 2. gr. samningsins og útreiknað á Schedule 1 með samningnum og þar skipt á hluthafa ásamt greiðslu í hlutabréfum í Baugi. Hreinn er spurður hvernig fjallað hafi verið um þennan nýja samning af hálfu stjórnar Baugs.

Hreinn kveðst vísa til þeirrar greinargerðar sem hann hafi afhent lögreglu þann 28.05.2004. Hann vísar einnig til fundargerðar stjórnar Baugs frá 04.05.2001, 5. tl. en þar kemur fram tillaga frá Jóni Ásgeiri um yfirtökuna. Á þeim fundi hafi Hans Kristian Hustad lagt fram útreikninga varðandi hversu hagstætt það væri að haga yfirtökunni með þessum hætti.

Ákveðið hafi verið að reyna að flýta þessu yfirtökuferli og ganga til yfirtöku strax en ekki bíða til loka febrúar 2002. Það var samþykkt á þessum stjórnarfundum og Jóni Ásgeir gefið umboð til að ganga frá samningum á grundvelli ákvörðunar stjórnar Baugs.

Hreinn er spurður hvort hann viti til þess að hluthafarnir í A-Holding hafi fengið einhverjar aðrar greiðslur fyrir að falla frá kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001 og samþykkja samninginn frá 10. maí 2001, í tengslum við kaup Baugs á öllu hlutafé í félaginu, sem samkvæmt samningnum var greitt með hlutabréfum í Baugi.

Hreinn kveðst hafa undirritað samninginn frá 10. maí 2001, fyrir hönd stjórnar Baugs. Að öðru leyti kveðst hann ekki hafa komið að framkvæmd viðskiptanna. Greiðslur og önnur framkvæmd á samningum við hluthafa A-Holding hafi verið í höndum daglegra stjórnenda félagsins. Hreinn kveðst því ekki hafa haft vitneskju um aðrar greiðslur til hluthafa A-Holding en þær sem koma fram í samningnum frá 10. maí 2001.

Hreinn er spurður hvort hann kannist við og e.a. hvort fjallað hafi verið um það á fundum stjórnar Baugs að greiddar yrðu sérstakar bætur eða þóknanir til hluthafa í A-Holding SA, fyrir að falla frá kauprétti í Arcadia.

Hreinn kveðst vísa til þeirrar greinargerðar sem hann hafi afhent lögreglu þann 28. maí 2004. Þegar hann hafi unnið að þeirri greinargerð hafi komið fram í gögnum félagsins hvernig framkvæmdin hafi verið að hálfu Baugs. Hann geri grein fyrir þeirri framkvæmd á bls. 6 í greinargerðinni. Samkvæmt gögnum málsins og þeim upplýsingum sem Hreinn hafi aflað varðandi þessi viðskipti, þá hafi framkvæmdastjórnin talið að slík samningagerð við einstaka hluthafa í A Holding væri innan þeirra heimilda. Hreinn telur að bætur og þóknanir hafi ekki verið ræddar sérstaklega á stjórnarfundum.

Hreinn er spurður hvort Jón Ásgeir Jóhannesson hafi haft almenna heimild frá stjórn Baugs til að gera samninga við Gaum, sem hann jafnframt er eigandi að, án þess að bera slíka samninga undir stjórn Baugs, eða gera grein fyrir þeim gagnvart stjórn Baugs.

Hreinn kveðst vísa til stjórnarfundar Baugs frá 04.05.2001 og þær ákvarðanir sem þar voru teknar. Hann kveðst ekki reka minni til þess hvort rætt hafi verið sérstaklega um hvernig ætti að standa að samningagerð við Gaum, fremur en aðra hluthafa í A Holding.

Hreini er kynnt að þann 15. júní 2001 hafi 95 milljón króna greiðsla borist frá Baugi-Group hf. til Kaupthings Bank Luxembourg inn á reikning 1100-26-454080. Hreinn er spurður hvort hann viti eitthvað um þá greiðslu.

Hreinn kveðst ekkert hafa vitað um þessa greiðslu á þessum tíma.

Hreinn er spurður hvenær og hvernig hann hafi fengið upplýsingar um þessa greiðslu.

Hreinn kveðst fyrst hafa fengið upplýsingar um þessa greiðslu eftir að honum hafi borist bréf frá embætti Ríkislögreglustjóra þann 19.05.2004.

Hreini er kynnt að í bókhaldi Baugs hafi umrædd greiðsla kr. 95.000.000,- frá 15. júní 2001, verið færð sem krafa vegna útlagðs kostnaðar vegna kaupa á hlutabréfum í Arcadia. Textinn á færslunni var "Ráðgjöf v/A-holding" og fylgiskjal að baki færslunni var útskrift á tölvupósti frá JAJ til linda@baugur.is þar sem fyrirmæli voru um að greiða fyrrgreinda fjárhæð inn á reikning hjá Kaupþingi Ármúla. Inn á þessa útprentun á tölvupóstinum hefur verið handskrifað m.a. "eignfæra", "Ráðgjöf v/A-holding", "Viðskiptafæra á Baug Holding" og loks "Vantar reikning". Umrætt fylgiskjal er jafnframt borið undir Hrein.

Hreinn er nú spurður hvort hann geti á einhvern hátt gert grein fyrir þessari greiðslu sem barst frá Baugi til Kaupþings Luxembourg og samkvæmt skýringum í bókhaldi Baugs skýrð sem ráðgjafargreiðsla til Kaupþings vegna A-Holding.

Hreinn skýrir svo frá að þegar hann hafi unnið að greinargerð sinni frá 28.05.2004 á grundvelli þeirra gagna sem til voru hjá Baugi, þá hafi þetta fylgiskjal verið þar á meðal. Að öðru leyti kveðst hann lítið geta um það sagt. Hreinn kveðst vísa til þeirra aðila sem annast bókhald félagsins og endurskoðenda varðandi nánari skýringar á þessum færslumáta.

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þennan bókunarmáta greiðslunnar.

Hreinn segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þennan bókunarmáta fyrr en hann hafi farið að skoða málið á grundvelli fyrirspurnar frá RLS.

Hreini er kynnt að við rannsókn lögreglu hafi komið í ljós að umrædd 95 milljón króna greiðsla hafi ekki runnið til Kaupþings Luxembourg, heldur sem hlutafjárframlag Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Gaums ehf til FBA Holding SA, dótturfélags Orca SA, en Jón Ásgeir og Gaumur ehf hafi átt u.þ.b. 25% eignarhlut í Orca SA, á þessum tíma. Hreinn er spurður hvort leitað hafi verið samþykkis hans, sem stjórnarformanns félagsins, fyrir greiðslu fjárhæðarinnar.

Hreinn segir svo ekki vera.

Ef ekki, þá er Hreinn spurður hvort hann hafi á einhverjum tímapunkti fengið skýringar á þessari greiðslu.

Aðspurður segir Hreinn að honum hafi verið gerð grein fyrir þessari greiðslu þegar hann vann að greinargerðinni frá 28.05.2004.

Undir Hrein er borinn reikningur sem gefinn var út af Baugi þann 28.02.2002, reikningurinn er nr. SR05724, stílaður á A-Holding. Virðist sem þar sé verið að skuldfæra A-Holding fyrir útlögðum kostnaði, samtals að fjárhæð 425,3 mkr. Hreini er bent á að í sundurliðun reikningsins komi fram fjárhæðin 95.000.000 króna með skýringunni "Paid to Kaupthing (GBP 710.015)". Hreinn er spurður hvort hann hafi séð þennan reikning áður og hvort hann geti útskýrt þann lið reikningsins sem segir "Paid to Kaupthing (GBP 710.015)", en af textanum megji ætla að um sé að ræða greiðslu til Kaupþings fyrir veitta þjónustu.

Hreinn kveðst ekki þekkja þennan reikning og geti í raun ekkert um hann sagt.

Hreinn er spurður hvort endurskoðendur félagsins hafi gert athugasemdir vegna færslu 95 milljón króna greiðslunnar við hann, sem stjórnarformann félagsins og/eða aðra stjórnarmenn, ef svo er þá í hvaða formi það hafi verið gert.

Hreinn kveðst ekki reka minni til þess að svo hafi verið.

Hreini er kynntur tölvupóstur frá Önnu Þórðardóttur til Tryggva Jónssonar frá 01.11.2001, sem fannst við rannsókn lögreglu á tölvu Tryggva. Í tölvupóstinum er Anna að fjalla um uppsetningu á bókhaldi Baugs Holding og A-Holding. Viðhengi með tölvupóstinum er fundargerð frá fundi í Luxembourg. Umrædd fundargerð sem send var sem viðhengi með tölvupóstinum er dagsett þann 27.09.2001 og fundarmenn sagðir hafa verið Tryggvi Jónsson og Jóhanna Waagfjörð frá Baugi, Magnús og Eggert frá Kaupþingi Lux og Anna Þórðardóttir frá KPMG. Í umræddri fundargerð kemur m.a. fram “95 millj. kr. voru greiddar til Kaupþings af Baugi hf. Tryggvi vissi ekki hvaða greiðsla þetta var en hann ætlar að ræða málið við Jón Ásgeir.” Hreinn er spurður hvort hann kundi einhverjar skýringar á því að yfirmönnum á fjármálasviði Baugs og endurskoðendum hafi ekki verið kunnugt um þessa 95 milljón króna greiðslu.

Hreinn kveðst ekki kunna neinar skýringar á þessu.

Hreinn er spurður hvort Jón Ásgeir Jóhannesson hafi haft umboð stjórnar Baugs til að greiða hluthöfum A-Holding aukalega þóknarir umfram það kaupverð sem getið er í samningnum frá 10. maí 2001.

Hreinn kveðst ekki treysta sér til að svara þessari spurningu og telur að m.a. þurfi að skoða sérstaklega 5. gr. samningsins frá 10. maí 2001, að öðru leyti kveðst hann vísa til fyrri svara sinna.

Hreinn afhenti lögreglu greinargerð þann 28.05.2004, ásamt fylgigögnum. Greinargerðin er undirrituð af honum sjálfum. Í þeirri greinargerð leitast hann við að skýra ákveðna þætti rannsóknarinnar, m.a. þann þátt sem snýr að 95 milljón króna greiðslunni úr sjóðum Baugs, frá 15.06.2001.

Í 4. tl. greinargerðarinnar, sem lýtur að 95 milljón króna greiðslunni, kemur m.a. eftirfarandi fram: “Auk kostnaðar, sem A-Holding greiddi samkvæmt e-lið 2. gr. samningsins, fengu stofnhluthafar sérstaka greiðslu frá Baugi, m.a. á grundvelli 5. gr., fyrir að falla frá fullum rétti sínum gagnvart félaginu.”

Hreinn er spurður hvort hann sé þar að vísa til samningsins um yfirtöku Baugs á A-Holding, þ.e. Share Transfer Agreement, frá 10. maí 2001.

Hreinn kveðst vera að vísa til e-liðs 2. gr. samningsins frá 10. maí 2001 og 5. gr. sama samnings.

Undir Hrein er þá borin 5. grein samningsins frá 10. maí 2001:

“5. Costs and expenses

Baugur shall pay the costs and expenses incurred by all parties in relation to the negotiation, preparation, execution and carrying into effect of this Agreement, as well as all present and future stamp, documentary and other like duties and taxes (including, without limitation, stamp duty reserve tax), if any, to which this Agreement may be subject or give rise (including, without limitation, on any transfer of Shares and Bonds pursuant to the exercise of the Share transfer) and will indemnify the Sellers against any and all liabilities with respect to or resulting from any delay or failure by Baugur to pay any such duties or taxes”

Hreinn er beðinn um að gera grein fyrir því hvar í greininni, eða í samningnum megi lesa það út að greiða eigi bætur til hluthafanna fyrir að falla frá fullum rétti sínum gagnvart félaginu.

Hreinn kveðst ekki geta bent á neitt sérstakt orðalag í samningnum. Hann kveðst byggja þessar skýringar sínar á upplýsingum frá Jóni Ásgeiri og hafi Jón Ásgeir vísað í því sambandi til 5 gr. samningsins. Til nánar skýringa kveðst Hreinn þurfa að vísa til þeirra aðila sem fengu þessar greiðslur, þ.e. Kaupþings, Íslandsbanka og Gaums.

Í 4. tl. greinargerðar Hreins Loftssonar frá 28.05.2004, kemur fram:

“Jón Ásgeir hefur upplýst, að Gaumur Holding hafi a.m.k. átt rétt á hlutfallslega sömu greiðslu, endurgreiðslu kostnaðar og ábyrgðapóknunar, og hinir hluthafarnir [fskj. 23]. Reyndin hafi á hinn bóginn verið sú, að félagið hafi fengið hlutfallslega minna í sinn hlut en þeir. Fyrir liggur að Íslandsbanki-FBA fékk samtals 70 milljónir króna en átti 15% í A-Holding, Kaupþing fékk 384 milljónir króna en átti 27% [fskj. 24]. Greiðslan til Gaums Holding fór til FBA-Holding S.A. samkvæmt greiðslufyrirmælum Jóns Ásgeirs [fskj. 25]. Þá heldur Jón Ásgeir því fram að rétturinn sem Gaumur Holding féll frá gegn greiðslu 95 milljón króna hafi verið að verðmæti rúmar 400 milljónir króna [fskj. 26].”

Hreinn er spurður hvort hann hafi sem stjórnarformaður Baugs Group hf. og sem höfundur greinargerðarinnar kynnt sér ofangreindar fullyrðingar Jón Ásgeirs eins og þær eru settar fram í greinargerðinni og þau gögn sem þær byggjast á og geti sem slíkur staðfest réttmæti þeirra.

Hreinn kveðst eingöngu byggja þessa greinargerð á fyrirliggjandi gögnum og komið skýringum viðkomandi aðila á framfæri, en hann hafi ekki lagt eigið mat á þær skýringar.

Hreinn er spurður hvort hann telji greiðslu umræddra 95 milljóna króna vera eðlilega og í samræmi við ofangreinda ákvörðun stjórnar félagsins, sbr. fundargerð frá 4. maí 2001, um kaup á hlutabréfum í A-Holding og Share Transfer Agreement frá 10. maí 2001.

Hreinn kveðst ekki telja rétt að hann komi fram með vangaveltur af þessu tagi.

Hreinn er spurður hvort ákvarðanir um slíkar greiðslur, ef þær hafa átt sér stað, hefði átt að bera undir stjórn félagsins.

Hreinn skýrir svo frá að menn hljóti að þurfa að skoða hvað hafi falist í ákvörðunum stjórnar félagsins á þessum tíma og hvað leitt verði af almennum lagaákvæðum sem gilda um heimildir framkvæmdastjórna í slíkum félögum.

Með greinargerð sinni lagði Hreinn fram ýmis gögn, s.s. reikninga frá Kaupþingi og Íslandsbanka sem má skilja sem svo að séu bætur vegna þess að fallið var frá kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001. Þeir reikningar verða nú bornir undir Hrein og hann beðinn um að gera nánari grein fyrir hverjum og einum þeirra, þá sérstaklega hvernig megi heimfæra þá undir greiðslu til hluthafa A-Holding fyrir að falla frá fullum rétti sínum gagnvart félaginu, samkvæmt samningnum um kauprétt Baugs frá 4. apríl 2001 og samþykkja samninginn frá 10. maí 2001.

Undir Hrein eru nú bornir þrír reikningar sem útgefnir voru af Kaupþingi og stílaðir á A-Holding, samtals að fjárhæð um 383 milljónir króna. Allir reikningarnir eru með sama texta “Investment banking services.”

Reikningur að fjárhæð 300.000.000 króna, dagsettur 30. mars 2001, eða áður en kaupréttarsamningur, dags. 4. apríl 2001, var gerður og áður en endanlegur kaupsamningur var gerður þann 10. maí 2001. Hreinn er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum reikningi.

Hreinn kveðst ekki geta gert neina nánari grein fyrir þessum reikningi og kveðst vísa til Kaupþings varðandi skýringar á þessum reikningi.

Reikningur að fjárhæð 47.000.000 króna, dagsettur 25. júní 2001. Virðist sem um sé að ræða þóknun til Kaupþings hf. fyrir þjónustu, samanber skilgreiningu í E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí en þar segir að Kaupþing hf. eigi að fá greitt m.a: “ISK 47,000,000 for arranging the co-operation with

Deutsche Bank and for other services in connection with the purchase of Arcadia shares and the establishment of A Holding S.A.” Hreinn er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum reikningi.

Hreinn kveðst ekki geta gert neina nánari grein fyrir þessum reikningi, hann hafi byggt svör sín í greinargerð sinni frá 28.05.2004 á skýringum starfsmanna félagsins og endurskoðendum þess, auk þeirra gagna sem honum hafi verið afhent af því tilefni. Þetta komi skýrt fram í inngangi greinargerðarinnar. Hreinn kveðst vísa til Kaupþings varðandi nánari skýringar á þessum reikningi.

Reikningur að fjárhæð 36.036.612 krónur, dagsettur 25. júní 2001. Virðist sem um sé að ræða greiðslu samkvæmt E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí 2001, en þar virðist Kaupþingi falið að greiða allan ógreiddan kostnað A-Holding á samningsdegi. Hreinn er beðinn um að skýra þetta nánar.

Hreinn kveðst ekki geta gert neina nánari grein fyrir þessum reikningi og kveðst vísa til Kaupþings varðandi skýringar á þessum reikningi.

Undir Hrein er borinn samningur milli Baugs Holding S.A. og Kaupþings frá 4. maí 2001 sem varðar aðkomu Kaupþings að kaupum á 20,1% eignarhlut í Arcadia í gegnum A Holding S.A., yfirtöku á öllu hlutfé í Bill's Dollar Stores Inc og til að leita að öðrum vænlegum fjárfestingarmöguleikum í Bandaríkjunum og Evrópu. Hreinn er spurður hvort hann hafi séð þennan samning og hvort hann geti gert nánari grein fyrir honum.

Hreinn kveðst ekki minnst þess að hafa séð þennan samning áður. Hann kveðst hins vegar hafa haft fulla vitneskju um það að Kaupþing vann mjög náið með Baugi að þessum verkefnum, þ.e. Arcadia verkefninu og Bill's Dollar Store verkefninu í Bandaríkjunum. Hreinn segir að hann sjálfur hafi ekki komið að þessum samningi og telur að Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson geti skýrt hann betur, auk Hreiðars Más Sigurðssonar, þ.e. þeir aðilar sem undirrita samninginn.

Hreini er kynnt að Kaupþing hafi lagt þennan samning til grundvallar þeim reikningi að fjárhæð 300.000.000 króna, dagsettur 30. mars 2001, sem þegar hefur verið borinn undir hann. Varðandi hina tvo reikningana frá Kaupþingi þá hefur lögregla fengið þær skýringar frá þeim starfmönnum bankans sem yfirheyrðir hafa verið að þeir eigi að öllum líkindum við E. lið 2. gr. samningsins frá 10. maí 2001.

Undir Hrein eru bornir fjórir reikningar sem útgefnir voru af Íslandsbanka og stílaðir á A-Holding. Um er að ræða eftirfarandi reikninga:

Reikningur að fjárhæð kr. 33.175.000,-, dagsettur 5. apríl 2001, vegna ábyrgðarþóknunar til Deutsche Bank, GBP 250.000. Hreinn er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Hreinn kveðst ekki geta gert neina nánari grein fyrir þessum reikningi og kveðst vísa til fyrri svara varðandi reikningana frá Kaupþingi, hið sama gildi um þetta, nánari skýringar ættu að fást hjá Íslandsbanka.

Reikningur að fjárhæð kr. 35.000.000,- dagsettur 14.06.2001, vegna umsaminnar þóknunar fyrir ábyrgð vegna endurkaupasamnings A-Holding við Deutsche Bank.

Hreinn segir það sama gilda um þetta og vísar í fyrri svör sín.

Reikningur að fjárhæð 42.046.568, dagsettur 4. apríl 2002, er vegna ábyrgðarþóknunar kr. 34.630.000,- til Íslandsbanka, sem gjaldféll 30. apríl 2001, auk dráttarvaxta kr. 7.416.568,- vegna greiðsludráttis. Í E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí 2001, er ákvæði um að greiða eigi Íslandsbanka þessa ábyrgðarþóknun, ISK 34.630.000. Hreinn er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Hreinn segir það sama gilda um þetta og vísar í fyrri svör sín.

Reikningur að fjárhæð kr. 11.143.750,- frá 5. apríl 2002, ábyrgðarþóknun fyrir tímabilið 5. apríl 2002 til 5. maí 2002. Hreinn er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Hreinn segir það sama gilda um þetta og vísar í fyrri svör sín.

Hreini er kynnt að lögregla hafi aflað upplýsinga um þessa reikninga frá Íslandsbanka og hafi fengið þær skýringar að allir þeir reikningar frá bankanum sem bornir hafa verið undir hann varði ábyrgðarþóknun sem bankinn innheimti vegna ábyrgðar bankans á endurkaupasamningi A Holding við Deutsche Bank vegna eignarhluta A Holding í Arcadia Group. Hreinn er spurður hvort hann hafi eitthvað um það að segja.

Hreinn kveðst ekkert hafa um þetta að segja.

Undir Hrein er borin fundargerð stjórnar Baugs frá 4. maí 2001, en þar segir m.a. í 5. tölulið:

“JAJ described the proposal to the Board of buying our partners in A Holding which holds 20% in Arcadia, and pay them with shares in Baugur at the rate of 12,6 per share in Baugur. The purchase price would be 9 bill. Icel. kr. and paid with nominal value of shares in Baugur amounting to 446 mill., which equals 5,6 bill. In market value. The difference of 3,4 bill. is a loan from Deutsche Bank to A Holding...”

“The Board accepted the proposal to buy out partners in A Holding. The management was instructed to carry out this decision.”

Umrædd tillaga Jóns Ásgeirs felur í sér skýra lýsingu á því hvað eigi að kaupa og hvernig eigi að greiða fyrir kaupin. Framkvæmdastjórn er síðan falið af stjórn félagsins að framkvæma þá ákvörðun. Hreinn er spurður hvort hann telji að í umræddri ákvörðun stjórnar felist heimild til framkvæmdastjórnar að greiða hluthöfunum viðbótargreiðslur umfram þá tillögu sem stjórnin samþykkti, svo nemi hundruðum milljóna króna.

Hreinn kveðst telja að þetta sé atriði sem sett sé fram með þeim hætti að hann treysti sér ekki til að svara á þessari stundu.

Hreinn er spurður hvort tekin hafi verið ákvörðun um það innan stjórnar Baugs að greiða eftirfarandi hluthöfum í A-Holding, aukalegar þóknunir við yfirtöku Baugs á A-Holding sem hér segir: Kaupþingi 300-400 milljónir króna, Íslandsbanka um 70-75 milljónir króna og Gaumi 95 milljónir króna. Samtals 470-570 milljónir króna umfram það kaupverð sem getið er í samningnum frá 10. maí 2001, sem greitt var með hlutabréfum í Baugi-Group hf.

Hreinn segir ákvarðanir stjórnarinnar hafi falið í sér heimild til samningagerðar. Útfærslan var ekki rædd með þeim hætti að sérstaklega væri borið undir stjórnina hvað greiða ætti hverjum og einum. Þannig hafi þetta ekki verið lagt fyrir stjórnina með þeim hætti sem spurningin gefur til kynna.

Hreinn spurður á hverju hann byggi þann skilning sinn að ákvarðanir stjórnar hafi verið almenns eðlis.

Hreinn kveðst byggja það á fundargerð stjórnar frá 04.05.2001 og þeim bókunum sem þar koma fram. Fundargerðina verði að skoða í ljósi hluthafasamkomulagsins frá 04.04.2001.

Hreinn er spurður hvort í gildi hafi verið almennar reglur varðandi umboð framkvæmdastjórnar félagsins.

Hreinn segir að settar hafi verið almennar reglur um umboð framkvæmdastjórnar varðandi ákvarðanir stjórnar. Þær reglur hafi líklegast verið settar í maí 1999.

Hreinn er spurður hvort honum, á stjórnarfundum frá 04.05.2001, hafi verið kunnugt um að hugsanlega þyrfti að greiða hluthöfunum þóknunir umfram fram komna tillögu Jóns Ásgeirs um kaup á hlutum annarra hluthafa í A-Holding.

Hreinn segir svo ekki vera.

Hreinn er spurður hvenær hann hafi fyrst verið upplýstur um hugsanlegar viðbótargreiðslur vegna kaupa á hlutabréfum í A-Holding til hluthafa í A-Holding.

Hreinn segir að heildarmyndin hafi honum ekki verið ljós fyrr en hann tók saman þá greinargerð sem hann afhenti lögreglu þann 28.05.2004.

Hreinn er spurður hvort hann kunni skýringu á því að slíkar viðbótargreiðslur skuli ekki hafa verið hluti af kaupsamningnum frá 10. maí 2001, ef um slíkar viðbótargreiðslur var að ræða til hluthafanna.

Hreinn kveðst ekki geta skýrt það.

Hreini er kynnt að ekki sé hægt að finna því stað í fundargerðum stjórnar Baugs frá þessum tíma að ákvörðun hafi verið tekin um að greiða hluthöfum A-Holding viðbótarpóknun umfram umsamið kaupverð við yfirtöku Baugs á A-Holding og er það í samræmi við þær tilkynningar sem Baugur hefur sent frá sér til Kauphallar Íslands varðandi yfirtökuna á A-Holding. Þá hafa fyrrverandi stjórnarmenn Baugs, þau Guðfinna Bjarnadóttir og Þorgeir Baldursson borið því við í skýrslutöku hjá lögreglu að þau reki ekki minni til þess að rætt hafi verið um slíkar viðbótarpóknunir á stjórnarfundum Baugs. Ennfremur hafi Árni Oddur Þórðarsson, sem starfaði hjá Gildingunni á umræddu tímabili, greint frá því við skýrslutöku hjá lögreglu að aldrei hafi verið rætt um neinar viðbótargreiðslur við yfirtökuna, umfram umsamið kaupverð eins og það kemur fram í samningnum frá 10. maí 2001. Hann kvaðst jafnframt hafa setið hluthafafund Baugs þar sem ákvörðun var tekin um að auka hlutafé í félaginu um 500 milljónir að nafnverði til að greiða hluthöfum A-Holding við yfirtökuna. Þar hafi heldur ekki verið rætt um viðbótargreiðslur til hluthafa A-Holding. Þar að auki hafa fyrrverandi hluthafar í A-Holding ekki getað framvísað neinum þeim bókhaldsgögnum eða samningum sem bera það með sér að tengjast slíkum viðbótargreiðslum. Hreinn er beðinn um að taka afstöðu til þessa.


Hreinn kveðst ekki gera neinar athugasemdir við það sem að framan er rakið og haft eftir ofangreindum vitnum.

Hreinn er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Hreinn kveðst ekkert fleira hafa um málið að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 16:40.


Staðfest rétt eftir haft:


Hreinn Loftsson

Viðstödd skýrslutökuna:


Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

Skýrsluna skráði:


Sveinn I. Magnússon

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN Efnahagsbrotadeild	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir Grímur Grímsson lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	IV/ 23.3	
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, fimmtudaginn 26. maí 2005, kl. 09:35			
Sakarefni: Ætluð brot gegn ákvæðum laga um bókhald, ársreikninga og 158. gr. alm. hgl. 19/1940.			
Vitni: Hreinn Loftsson	Kennitala: 120156-4039		
Starf/staða: Lögmaður og stjórnarformaður í Baugi Group hf.	Vinnusími: 587 1286		
Lögheimili: Sunnufliót 15, 210 Garðabæ	Sími: 565 8895/898 2105		
Dvalarstaður:	Sími:		

Hreinn er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Hreinn er stjórnarformaður Baugs Group hf. (áður Baugur hf.).

Hreini er kynnt vitnaskyldan og sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá, og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Jafnframt er honum bent á að röng skýrsla vitnis getur skapað því refsíábyrgð.

Hreinn kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og kveðst reiðubúinn að tjá sig.

Viðstödd yfirheyrsluna og þátttakandi í henni er Aldís Hilmarsdóttir lögreglufulltrúi.

Hreini er kynnt að fyrir liggja að leggja þurfi fyrir hann spurningar vegna kröfu á viðskiptareikningi Kaupþings hjá Baugi svo og vegna vörslureiknings Baugs nr. 400017 hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Hreini er kynntur stofnsamningur vörslureiknings Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxembourg (Account opening form – skjal málsins nr. II/36.3.1) dags. 14. október 1998, undirritað af Tryggva Jónssyni fyrir hönd Baugs. Hreinn er spurður hvort hann kannist við þessi skjöl.

Hreinn kveðst kannast við þessi skjöl frá þeim tíma sem hann hafi verið að taka saman greinargerð til Ríkislögreglustjórans vegna þessa.

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um opnun þessa reiknings Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxembourg á þeim tíma sem hann var opnaður.

Hreinn segir að á þessu tíma hafi hann verið almennur stjórnarmaður í Baugi og mikil viðskipti hafi verið á milli Baugs og Kaupþings. Hreinn segir að fyrirkomulag bankareikninga hafi ekki verið kynnt stjórn Baugs. Hreinn kveðst því ekki hafa vitað af stofnun þessa reikninga við stofnun hans.

Hreinn er spurður hvenær honum hafi verið ljóst að Baugur ætti vörslureikning hjá Kaupthing Bank í Luxembourg.

Hreinn segir að þessar upplýsingar komi inn á borð stjórnar Baugs undir árslok 2002, að gefnu tilefni. Hreinn segir að af höfðu samráði við sérfræðinga félagsins hafi að hálfu stjórnar verið tekin ákvörðun að stemma af reikninginn, taka hann inn í bækur félagsins og loka honum. Hreinn segir að í þeirri ákvörðun hafi ekki falist nein afstaða til þess fyrirkomulags að eiga vörslureikning í Luxembourg heldur aðeins ákvörðun stjórnar um að loka reikningnum.

06015

HL

Hreinn segir að tilefni þess að tilefni þess að vörslureikningurinn kom inn á borð stjórnar hafi verið sá að ábendingar bárust um reikninginn til stjórnar frá innri endurskoðanda félagsins svo og ytri endurskoðendum.

Hreinn segir að í tengslum við ákvörðun stjórnar Baugs um lokun reikningsins í Luxembourg hafi komið fram það sjónarmið hjá Tryggva Jónssyni fyrrverandi forstjóra og aðstoðarforstjóra Baugs að ekki væri nauðsynlegt að geta allra færsla á vörslureikninginn í fjárhagsbókhalda ef nettó-staða hans væri rétt þar.

Í þessu sambandi leggur Hreinn fram greinargerð dags. 30. júní 2004 sem hann vann fyrir hönd félagsins og afhenti Skattrannsóknarstjóra ríkisins (SRS). Hreinn segir að í greinargerð hans til SRS séu nákvæmari efnisskýringar en í greinargerð dags. 28. maí 2004, sem hann afhenti Ríkislögreglustjóranum. Aðspurður um hvar hann hafi fengið upplýsingar til vinnslu greinargerðarinnar segir Hreinn að um sé að ræða lögfræðilega greinargerð hans sem ekki hafi haft upplýsingar frá fyrstu hendi. Hreinn kveðst hafa aflað upplýsinga með viðræðum við þá sem best þekktu til reikningsins hjá Kaupthing Bank í Luxembourg, þ.e. starfsmanna Baugs, endurskoðanda og starfsmanna Kaupthing Bank í Luxembourg. Hreinn kveðst einnig hafa notað gögn sem til voru hjá Baugi.

Hreinn er spurður hvar í efnahagsreikning félagsins nettó-staða á vörslureikningsins hafi sést.

Hreinn kveðst vísa þessari spurningu til endurskoðanda félagsins, innri sem ytri og Tryggva Jónssonar.

Fyrir Hrein er lagður hreyfingarlisti viðskiptamannareiknings vegna viðskiptamanns, V560882-0419 „Kaupþing“, fyrir tímabilið 1998 – 2001 (28. febrúar 2002).

Hreinn er spurður hvort honum eða öðrum stjórnarmönnum hafi verið kunnugt um kröfu á viðskiptamannareikningi Kaupþings hjá Baugi.

Hreinn segir að hann reki ekki minni til þess.

Hreinn er spurður hvort endurskoðendur Baugs eða starfsmenn hafi einhvern tíma gert athugasemdir við hann varðandi kröfu á viðskiptareikningi Kaupþings hjá félaginu.

Hreinn kveðst ekki minnast neinnar umfjöllunar um þessa kröfu fyrr en um haustið 2002.

Hreini er kynntur eftirfarandi framburður sem Tryggvi Jónsson gaf hjá lögreglu 5. apríl 2003 (skjal málsins nr. V/1.9) þegar hann var spurður um stöðu á viðskiptareikningi Kaupþings hjá Baugi: „Tryggvi segir að þegar Baugur hf hafi verið stofnað hafi verið ákveðið af hluthöfum Baugs hf að halda eftir hlutafé til að mæta kaupréttarsamningum. Tryggvi segir að það hafi verið gert með því að Baugur hf keypti hlutbréf að nafnvirði 40 milljónir sem voru færð á vörslureikning hjá Kaupþing Luxembourg. Tryggvi segir þessi hlutabréf að nafnvirði 40 milljónir hafa verið færð á kaupvirði, þ.e. samtals að fjárhæð kr. 330.764.000,-.“

Tryggvi segir að eins og alltaf sé gert með fjárvörslureikninga þá var umrætt hlutafé fært yfir á nafn Kaupþings. Hins vegar hafi Kaupþing ekki haft ráðstöfunarrétt yfir þessum hlutabréfum, né hafi þeir nýtt atkvæðisrétt samkvæmt þeirri hlutabréfaeign. Tryggvi segir þennan framgangsmáta vera algildan varðandi alla fjárvörslureikninga og vera lögum samkvæmt.“

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um að krafan á viðskiptareikningi Kaupþings hafi verið tilkomin með þeim hætti sem Tryggvi Jónsson lýsir í framburði sínum dags. 5. apríl 2003.

Hreinn segir að hann þekki þessar röksemdir Tryggva þar sem þær hafi komið fram haustið 2002 en Hreinn kveðst ekki minnst þess að þetta mál hafi verið til umræðu á stjórnarfundum fyrr né telji hann að tilefni hafi verið til slíkrar umfjöllunar í stjórninni. Hreinn segir að á stjórnarfundum í janúar 1999 hafi stjórn Baugs samþykkt fyrir sitt leyti starfssamninga æðstu stjórnenda félagsins. Hreinn kveðst ekki hafa verið á þeim fundi og því ekki geta sagt til um hvaða umræða hafi átt sér stað um starfssamningana umfram það sem fram kemur í fundargerð.

Hreinn kveðst gera ráð fyrir að á nefndum stjórnarfundum í janúar 1999 hafi stjórn verið kynntir kaupréttir æðstu stjórnenda félagsins samkvæmt starfssamningum þeirra. Hreinn segir hann geri ekki ráð fyrir að stjórn hafi verið gerð sérstök grein fyrir hvar bréf til fullnustu slíkra kaupréttaráttu væru vörsluð.

Hreinn er beðinn um að gera grein fyrir því hvaða reglur gildi um meðferð eigin hlutabréfa í reikningsskilum hlutafélaga á Íslandi.

Hreinn kveðst í þessu sambandi vísa til greinargerðar sinnar til SRS dags. 30. júní 2004, sérstaklega bls. 11 og 12, en þar séu reifuð sjónarmið Baugs vegna meðferðar viðkomandi hlutabréfa.

Hreinn er beðinn um að gera grein fyrir hvort munur sé á því varðandi meðferð eigin hlutabréfa eða annarra peningalegra eigna hvernig fara eigi með slíkar eignir í bókhaldi og ársreikningum íslenskra félaga, hvort heldur þessar eignir eru geymdar á vörslureikningum erlendis eða á Íslandi.

Hreinn kveðst vísa til fyrra svars.

Hreinn er spurður hvort skylda félagsins þess efnis að geta eigin hlutabréfa í árshluta- og ársreikningi falli niður ef hlutabréfin eru vörsluð erlendis.

Hreinn kveðst vísa til fyrra svara.

Hreinn er spurður hvort árshluta- og ársreikningar Baugs hafi verið réttir hvað varðar meðferð eigin hlutabréfa fyrir tímabilið 1999 – 2001 (28.2.2002).

Hreinn kveðst ekki getað svarað þessari spurningu með öðrum hætti en að stjórn félagsins hafi verið í góðri trú varðandi framsetningu ársreikninga.

Færslur á viðskiptareikningi Kaupþings hjá Baugi.

Hreini er kynnt eftirfarandi færsla úr bókhaldi Baugs:

Færsla nr. 9281 dags. 30.06.1999 með texta: „Hlutabréf í Baugi seld Kaupþingi“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	330.764.000,00	
F 73112	Biðreikningur		330.764.000,00

Um er að ræða færslu til eignar á viðskiptareikningi Kaupþings hf. sem byggir á fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.2.1) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en þar segir um færsluna: „Kaup á eigin bréfum.(gamall samningur)“, „Baugur kaupir 5% í Baugi og fær lán hjá FBA“, „413.455.006.- Biðreikningur“, „Selur Kaupþingi 4/5 hlut 330.764.000 út af biðreikn. D/viðskm. KB“.

Hreini er kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð innri endurskoðunar Baugs þann 14. janúar 2003 (skjal málsins nr. II/15.11.2) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. nóvember 2002.

(skjal málsins nr. II/15.7). Í greinargerðinni kemur fram: „Um miðjan júní 1999 voru seld hlutabréf að nafnverði kr. 20.000 þús. á genginu 6,24 út af fjárvörslureikningi Baugs hjá Kaupþingi Luxembourg.“

Hreini er einnig kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð hans dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. maí 2004. (skjal málsins nr. II/15.6). Í greinargerðinni kemur fram: „... lögðu eigendur félagsins af hlutafé sínu 4% alls hlutafjár inn á reikning hjá Kaupthing Luxembourg, sbr. vörslusamning frá 14. október 1998.“

Þá er Hreini kynntur framburður Magnúsar Guðmundssonar forstjóra Kaupthing Bank Luxembourg sem hann gaf við skýrslutöku hjá lögreglu dags. 15. apríl 2005 (skjal málsins IV/48.6). Magnús sagði í framburði sínum þegar hann var beðinn um að lýsa viðskiptum á milli Kaupthing Bank og Baugs á fyrri hluta árs 1999 með 4% hlutafjár í Baugi að nafnverði 40.000.000,00: „Magnús segir að upphaflegi tilgangurinn hafi verið að KL myndi vera vörsluaðili hlutabréfanna sem nota átti til að uppfylla kaupréttarákvæði lykilstarfsmanna Baugs. Hlutverk KL í þessum viðskiptum hafi verið það að taka að sér vörslu bréfanna.“

Hreini er kynnt að greinargerð hans, greinargerð innri endurskoðunar og framburður Magnúsar Guðmundssonar séu samhljóða um að ekki hafi verið um að ræða sölu á 40.000.000 eigin bréfa Baugs til Kaupthings Bank Luxembourg heldur hafi verið um að ræða færslu þessara bréfa inn á vörslureikning Baugs hjá Kaupthings Bank Luxembourg.

Hreinn er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Hreinn kveðst líta svo að þetta sé í samræmi við það sem fram hefur komið frá þessum aðilum.

Hreinn er spurður hvers vegna bókhald Baugs hafi þá verið fært þannig að sala hafi átt sér stað þann 30. júní 1999 á eigin hlutabréfum Baugs til Kaupthings Bank Luxembourg.

Hreinn segir að hann telji það stafa af því hvernig menn hafi litið á vörslureikninga. Hreinn segir að byggt á þeim upplýsingum sem hann hafi fengið frá Tryggva Jónssyni hafi færslan verið gerð með þessum hætti enda yrði félagið áfram það sem kallað er „beneficiary owner“ hlutabréfanna. Jafnframt kveðst Hreinn vísa til skýringa í greinargerð hans til SRS sem hann hefur lagt fram.

Hreini er kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð hans dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. maí 2004. (skjal málsins nr. II/15.6). Vísað er til 1. tl. greinargerðarinnar en þar er fjallað um vörslureikning Baugs hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Hreinn er spurður hvar hann hafi aflað upplýsinga sem hann byggir greinargerð sína á varðandi vörslureikninginn og hvað hann hafi gert til að staðreyna þær upplýsingar.

Hreinn segir að hann hafi byggt á gögnum sem til eru hjá félaginu auk þess sem hann hafi fengið upplýsingar frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Tryggva Jónssyni og fleiri starfsmönnum félagsins, endurskoðendum, þ.e. Auðbjörgu Friðgeirsdóttur fyrrverandi innri endurskoðanda Baugs og Stefáni Hilmarssyni fyrrum ytri endurskoðanda Baugs. Hreinn kveðst einnig hafa leitað upplýsinga hjá Magnúsi Guðmundssyni hjá Kaupthing Bank í Luxembourg og borið greinargerð sína undir utanaðkomandi lögmann og endurskoðanda.

Hreinn er spurður hvort stjórn Baugs hafi verið kunnugt um að Jón Ásgeir Jóhannesson, Óskar Magnússon og Tryggvi Jónsson hafi nýtt sér rétt til kaupa á hlutabréfum í Baugi samkvæmt starfssamningum þeirra í júní 1999.

Hreinn segir að hann minnst þess ekki að slíkt hafi komið sérstaklega til umfjöllunar hjá stjórn. Hreinn segir að á þessum tíma hafi Óskar Magnússon verið starfandi stjórnarformaður og honum sé ókunnugt að aðrir stjórnarmenn hafi verið um þetta kunnugt.

Hreinn er spurður hvernig því hafi verið komið til skila hjá Baugi að stjórnendurnir þrír væru búnir að nýta sér áunnin kauprétt sinn í júní 1999.

Hreinn segir að hann muni ekki eftir umfjöllun um þetta á þessum tíma né síðar. Hreinn bendir á að starfslokasamningur hafi verið gerður við Óskar Magnússon í árslok 1999 og þá hafi farið fram uppgjör kaupréttá hans.

Hreinn er spurður hvort sú hættta hafi getað skapast ef ekki hafi legið fyrir vitneskja hjá Baugi um að Óskar, Jón Ásgeir og Tryggvi hefðu nýtt sér kauprétti í júní 1999 að þeir hefðu aftur farið fram á að nýta kauprétt samkvæmt starfssamningum.

Hreinn segir að traust hafi ríkt á milli stjórnar og stjórnenda enda hafi stjórnendur verið valdir með traust að leiðarljósi. Hreinn segir að þegar upp hafi komið ábendingar varðandi vörslureikninginn í Luxembourg hafi stjórn tekið á því máli með þeim hætti sem hann hafi þegar lýst.

Viðskipti með hlutabréf í Arcadia.

Hreini er nú kynnt að farið verði í nokkrar færslur í bókhaldi Baugs og hann spurður nánar um þær.

Færsla nr. I00296 dags. 31.12.2000 með texta: „Lokaf. Sala hlbr. Arcadia til Kaupþ. Lux“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	332.010.000,00	
F65595	Erlend hlutabréf		167.399.464,00
F55505	Hagnaður af sölu hlutabréfa		164.610.536,00

Um er að ræða færslu sem byggð er á óundirrituðu lokafærslublaði frá endurskoðunarstofu Baugs, dags. 23.03.2001 (skjal málsins nr. II/44.2.10).

Færsla nr. T000630 dags. 02.02.2001 með texta: „Sala á Arcadia hlutabréfum“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
B 720	Íslandsbanki hf.	332.010,00	
B 720	Íslandsbanki hf.	331.677.990,00	
V560882-0419	Kaupþing		332.010.000,00

Um er að ræða færslu sem byggð er á handskrifuðu blaði, ódagsettu og óundirrituðu, með skýringunni „Sala á Arcadia hlutabréfum“, auk afrits af bankayfirliti Baugs hf. sem sýnir innborgun á reikning hlutafélagsins, hinn 01.02.2001, að sömu fjárhæð.

Færsla nr. L1073 dags. 11.05.2001 með texta: „Stofnhlutafé í A-Holding“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
F 65193	Hlutafé, A-Holding	544.050.000,00	
V560882-0419	Kaupþing		544.050.000,00

Um er að ræða færslu sem byggð er á handskrifuðu blaði, dags. 27.06.2001, merkt „Jóhanna“, með skýringunni:

„1. Baugur selur K. Lúx. 3,1 m x 0,85 x 126 = 332 mills.

2. Baugur kaupir aftur 3,1 m bréf x 135 x 130 = 544 mills. K. Lúx lánar.

27/6 TJ og Magnús útvega skuldabréf til 5 ára með 4 afb. útg.dagur 30/6 með áföllnum vöxtum. Bókast sem stofnframlag Baugs hf. í A-Holding (Hlutafé)“.

Færsla nr. I00743 dags. 30.06.2001 með texta „Lokaf. Bakf. skuld við Kaupþing.“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V Holding	Baugur Holding S.A.		544.000.000,00
V560882-0419	Kaupþing	544.000.000,00	

Um er að ræða færslu sem byggð er á óundirrituðu lokafærsluskjali frá endurskoðunarstofu hlutafélagsins, dags. 27.09.2001, með skýringartextanum „Bakfærð skuld við Kaupþing (skuldfærð í bókhaldi B-Holding)“.

Hreini er kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð hans dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. maí 2004. (skjal málsins nr. II/15.6). Í greinargerðinni kemur fram: „Undir lok ársins 2000 átti Baugur 3,1 milljón hluti í breska verslunarfélaginu Arcadia. Kaup hlutanna höfðu verið fjármögnum af Íslandsbanka-FBA og átti

sá banki veð í þeim. Að sögn Tryggva Jónssonar varð að samkomulagi milli hans f.h. Baugs og Magnúsar Guðmundssonar, bankastjóra, f.h. Kaupthing Bank, að selja bankanum hlutinn í fjármögnunarskyni á markaðsverði, eða GBP 0,85, sbr. meðfylgjandi samning [fskj. 8]. Baugur átti að selja hlutabréf sín í Arcadia gegn greiðslu frá bankanum og leggja þau síðan inn á vörslureikning Baugs þar sem þau yrðu höfð til tryggingar kröfum bankans. Vísað er í vörslureikninginn í 1. tölulið hér að framan. Í opnunarskjali hans, undirrituðu af Tryggva Jónssyni, f.h. Baugs 14. október 1998, segir, að reikningurinn sé í nafni Kaupthing Bank. Bankinn hafði skv. ákvæðum hans heimild til að selja og kaupa verðbréf og jafnframt kemur þar fram, að öll verðmæti á honum séu að handveði til tryggingar öllum kröfum bankans. Að sögn Tryggva Jónssonar var vörslusamningurinn gerður á grundvelli samstarfssamnings allra þáverandi hluthafa, sbr. fskj. 1. Í byrjun febrúar 2001 borgaði bankinn söluandvirði bréfanna, 332 milljónir króna, GBP 2.635.000, inn á vörslureikninginn. Þeir fjármunir runnu til Íslandsbanka-FBA [fskj. 9] og átti í kjölfarið að létta veðböndum af bréfunum, en það gekk seint og illa að sögn Tryggva Jónssonar, sem hafði með höndum það verk að hálfu Baugs. Bréfin átti að leggja veðbandslaus inn á vörslureikninginn til tryggingar á fjármögnun hlutabréfanna, eins og áður getur.

Framangreint átti sér stað um líkt leyti og sú hugmynd vaknar í viðræðum Jón Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs, Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka-FBA, og Hreiðars Más Sigurðssonar, aðstoðarforstjóra Kaupþings, að stofna félagið A-Holding S.A., færa til þess hluti í Arcadia í eigu Baugs og Gaums, fjölga hluthöfum og kaupa fimmtung alls hlutafjár í Arcadia. Markmiðið var, að skapa skilyrði fyrir Baug til að eignast 20% hlut og gera Arcadia þannig að hlutdeildarfélagi Baugs. Nánari umfjöllun er um A-Holding í 4. tölulið hér að neðan.

Þeir Tryggvi og Magnús virðast ekki hafa verið hafðir með í ráðum þegar útfærsla á fjármögnun A-Holding var á teikniborðinu. Salan á hlut Baugs í Arcadia var bókfærð hjá Baugi eins og áður greinir og samkvæmt bókhaldi félagsins var hluturinn keyptur aftur af Kaupthing Bank, eftir að ákveðið var að stofna A-Holding og leggja bréfin veðbandalaus inn í það félag. Kaupin fóru fram á markaðsverði miðað við 15. febrúar 2001, eða GBP 1,35, alls GBP 4.185.000, sem svarar til 544 milljóna króna, sbr. meðfylgjandi samning [fskj. 10], en það gengi er í samræmi við viðskipti annarra hluthafa A-Holding um stofnun þess félags um líkt leyti. Skýrist hækkunin úr 332 í 544 milljónir króna af breytingum á gengi hlutafjár í Arcadia. Líkt og áður segir gat Baugur ekki afhent bréfin í Arcadia þar sem veðböndum hafði ekki verið aflétt. Viðskiptin gengu því til baka með gerð greinds kaupsamnings. Engin greiðsla var innt af hendi vegna kaupanna.

Niðurstaðan var því sú, að Kaupthing Bank lánaði Baugi 332 milljónir króna vegna hlutabréfanna í Arcadia, en án sérstakrar tryggingar þar sem bréfin voru lögð til A-Holding á 544 milljónir króna, sem stofnframlag Baugs, en fóru ekki inn á vörslureikninginn. Skuldin við Kaupthing Bank varð eftir í bókum félagsins. Baugur tók á hinn bóginn lán 28. desember 2001 hjá Kaupþingi hf., Reykjavík, að fjárhæð USD 20.239.779 og ráðstafaði af því láni USD 5.000.000 [fskj. 11] inn á vörslureikninginn hjá Kaupthing Bank til endurfjármögnunar á hlutafjárkaupunum í Arcadia og greiddi þannig skuldina gagnvart Kaupthing Bank að fullu. Miðað við gengi gjaldmiðla á þessum tíma svara USD 5.000.000 til GBP 3.429.390, en skuld Baugs við Kaupthing Bank vegna þessara viðskipta var í GBP. Þá var það ekki fyrr en við afstemmingu á vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank, sbr. 2. tölulið hér að framan, að starfsmenn og endurskoðendur fengu um það vitneskju, að viðskiptin með hlutabréf í Arcadia höfðu gengið til baka á árinu 2001. Umrædd viðskipti hafa verið bakfærð í bókhaldi Baugs [fskj. 12]. Sú bakfærsla hefur hins vegar engin áhrif á fjárhagsstöðu Baugs þar sem um var að ræða viðskipti innan samstæðunnar. Í ljós alls framangreinds liggur fyrir skv. bókum félagsins, að verðmætum vegna hlutabréfanna í Arcadia var aldrei ráðstafað út úr samstæðu Baugs fyrr en með endanlegri sölu þeirra haustið 2002.“

Hreinn er spurður hvar hann hafi aflað upplýsinga sem hann byggir greinargerð sína á varðandi 3. t.l. greinargerðarinnar, sem nú hefur verið borinn undir hann, og hvað hann hafi gert til að staðreyna þær upplýsingar.

Hreinn kveðst vísa í svör sem hann hafi áður gefið varðandi greinargerðina, það sama eigi hér við.

Hreini er kynnt að Magnús Guðmundsson forstjóri Kaupthing Bank Luxembourg hafi komið til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna vörslureiknings Baugs hjá KL þann 15. apríl 2005 (skjal málsins nr IV/48.4).

Hreini er kynntur eftirfarandi texti úr framburði Magnúsar:

„Magnús segir að hugmyndin hafi verið sú að fjármagna hlutabréfakaup Baugs í Arcadia. Hlutabréfin sem KL ætlaði að fjármagna voru veðsett í Íslandsbanka, og hugmyndin var því sú að KL myndi kaupa bréfin fyrir hönd Baugs til þess að geta fengið bréfin að veði gegn láni til Baugs fyrir kaupverðinu. Magnús segist hafa útvegað Baugi yfirdráttarheimild á reikningi Baugs í KL, upp á rúmar 300 milljónir. Þetta hafi verið hugmyndin að baki þessu, þannig ætlaði Baugur að eignast bréfin og kaupa þau með láni frá KL sem tryggt væri með veði í bréfunum sjálfum. Magnús segir að það sem gerst hafi var að Magnús fékk aldrei bréfin afhent frá Íslandsbanka og því í hans huga hafi viðskiptin ekki átt sér stað, en lánið, þ.e. yfirdráttarheimildin, hafi verið veitt.“

Hreinn er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Magnúsar.

Hreinn segir að þetta sé í samræmi við það sem Magnús hafi tjáð honum þegar hann vann að greinargerð dags. 28. maí 2004. Heinn vísar til texta á bls. 3 og 4 í greinargerðinni. Hreinn segir að við vinnslu greinargerðarinnar hafi hann verið upplýstur um að Magnús virðist hafa litið svo á að kaupin hafi gengið til baka hvað Kaupthing Bank Luxembourg varðar þar sem hann hafi ekki fengið hlutabréfin frá Íslandsbanka. Hreinn segir að á svipuðum tíma hafi Jón Ásgeir verið að vinna að áætlun um að stofna A-Holding með fulltrúum Íslandsbanka og Kaupþings sem varðaði innlögn hlutabréfa þessara aðila í Arcadia og frekari kaup á slíkum hlutabréfum. Hreinn segir að í bókhaldi Baugs hafi verið bókað að sala hafi farið fram á hlutabréfum í Arcadia frá Baugi til Kaupþings Bank Luxembourg þann 31.12. 2000 og þegar komið hafi að því að Baugur myndi leggja bréf sín í Arcadia inn í A-Holding hafi gengi bréfanna hækkað og virði þeirra þá verið 544 milljónir. Þá hafi verið færð kaup í bókhaldi Baugs á þessum bréfum af Kaupthing Bank Luxembourg að fjárhæð kr. 544 milljónir og við það myndast skuld við Kaupthing sem síðan hafi verið bakfærð á árinu 2003 þegar endurskoðendur fóru ofan í saumana á málinu og í ljós kom að hjá Kaupthing Bank Luxembourg hafi verið litið svo á að kaupin hefðu gengið til baka. Skuldin á vörslureikningum hafi verið gerð upp með greiðslu að fjárhæð USD 5.000.000 til Kaupthing Bank í byrjun árs 2002. Hreinn segir að um nánari skýringu á þessu atriði vísi hann til innri og ytri endurskoðenda félagsins en hann byggi skýringar sínar á upplýsingum frá þeim.

Hreinn er spurður hvort endurskoðendur Baugs eða starfsmenn hafi einhvern tíma gert athugasemdir við hann varðandi kröfu á viðskiptareikningi Kaupþings hjá félaginu.

Hreinn kveðst ekki minnst þess að þessi mál hafi komið upp fyrr en síðla árs 2002.

Undir Hrein er nú borin fundargerð Baugs 12. janúar 2001. Í fundargerðinni kemur fram að Jón Ásgeir Jóhannesson lýsir viðskiptaáætlun um stofnun A-Holding til að halda utan um hlutafé í Arcadia.

Hreinn er spurður hvort Jón Ásgeir hafi á þessum fundi verið að lýsa innlögn hlutabréfa í Arcadia í A-Holding þrátt fyrir að Baugur hafi þá engin bréf átt í Arcadia.

Hreinn vísar til bls. 3 greinargerðar sinnar dags. 28. maí 2004 þar sem vikið sé að því að Tryggvi og Magnús virðist hafa verið í viðræðum um fjármögnun til handa Baugs með þeim hætti sem lýst er, þ.e. að hlutabréfin í Arcadia yrðu inn á vörslureikningi í Luxembourg en Jón Ásgeir er á sama tíma í viðræðum við Bjarna Ármannsson og Hreiðar Má Sigurðsson um aðra útfærslu. Hreinn segir að þannig hafi allir litið svo á að Baugur ætti umræddar 3,1 milljón hlutabréfa í Arcadia.

Hreini er kynnt að vegna rannsóknar málsins hafi efnahagsbrotadeild með bréfi dags. 18. maí 2004 (skjal málsins nr. II/44.3) m.a. óskað upplýsinga Íslandsbanka um heimildir Baugs til ráðstöfunar á hlutum í Arcadia Plc. en fjármögnun þeirra hafði verið gerð með framvirkum lánasamningi við Íslandsbanka sem trygður hafði verið með veði í hlutabréfunum.

Hreini er kynnt að í svari Íslandsbanka dags. 9. júlí 2004 (skjal málsins nr. II/44.3.1-II/44.3.9) komi fram: „Á tímabilinu 13.10.2000 til 01.02.2001, þ.e. að á meðan framvirkir samningar um hlutinn voru í gildi þá hafði Baugur hf. ekki heimild til að ráðstafa beinum eignarrétti yfir eignarhlutum, án samþykkis Íslandsbanka – á þeim tíma var félaginu þó frjálst að ráðstafa hvers kyns óbeinum eignarrétti yfir bréfunum svo sem óinnleystum hagnaði enda brjóti slíkt ekki í bága við samninga félagsins við Íslandsbanka. Frá og með 01.02.2001 var Baugi hf. heimilt að ráðstafa réttindum yfir eignarhlutum án samþykkis Íslandsbanka.“

Hreinn er beðinn um að skýra sölu Baugs hf. á hlutabréfum í Arcadia í ljósi þess að Baugur hafi ekki haft heimild til ráðstöfunar yfir beinum eignarrétti hlutabréfanna, án samþykkis Íslandsbanka, fyrr en 1. febrúar 2001.

Hreinn kveðst ekki þekkja þetta mál og geti þar af leiðandi ekki skýrt þetta.

Hreini er kynnt að RLS hafi óskað eftir upplýsingum frá KBbanka um lánasamning á milli Baugs hf. og Kaupþing hf. frá desember 2001. Með bréfi KBbanka dags. 3. júní 2004 (skjal málsins nr. II/36.5) fylgdi lánasamningur dags. 28. desember 2001 (skjals málsins nr. II/36.5.1).

Hreini er bent á Viðauka 1 með lánasamningnum en þar kemur m.a. fram „Loks verði USD 5.000.000 greiddar til Kaupthing Bank Luxembourg S.A. sem greiðsla á láni Baugs þar.“

Hreinn er beðinn um að skýra hvaða lán hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. sé verið að greiða.

Hreinn segir að hann dragi þá ályktun að um sé að ræða sömu USD 5.000.000 sem hann fjalli um í greinargerð sinni á bls. 4 og um sé að ræða greiðslu til endurfjármögnunar á láni vegna kaupa á hlutabréfum í Arcadia.

Hreini er nú kynnt að rannsóknarar hafi lokið formlegri yfirheyrslu.

Hreinn er spurður hvort hann vilji koma á framfæri einhverjum athugasemdum varðandi það efni sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.


Hreinn kveður svo ekki vera.

Hreinn les nú yfir framburð sinn.


Hreinn hefur nú lesið yfir framburð sinn og komið á framfæri athugasemdum.

Skýrslutöku lauk kl: 12:00


Upplesið og staðfest:


Hreinn Loftsson

Skýrslu skráði:


Grímur Grímsson

Þátttakandi í skýrslutökunni:


Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

w. RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	IV / 23.4	
Staður og stund: Miðvikudagur 8. júní 2005 kl. 9:05 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.			
Vitni: Hreinn Loftsson	Kennitala: 120156-4039		
Starf/staða: Stjórnarformaður Baugs Group hf.	Vinnusími:		
Lögheimili: Sunnufliöt 15, 210 Garðabær	Sími: 565 8895/898 2105		
Dvalarstaður:	Sími:		

Hreinn Loftsson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Hreinn nýtur réttarstöðu vitnis við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en hann gegndi starfi stjórnarmanns í Baugi hf. á því tímabili sem ætluð brot eru talin hafa verið drýgd.

Hreini er kunngerð vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Hreini er kunngerð vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsíábyrgð sem hann kunnir að baka sér með vísitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá lögreglu, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Enn fremur er brýnt fyrir Hreini að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunnir að skipta.

Aðspurður segir Hreinn að hann skilji þau réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn.

Viðstaddur og þáttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Hrein og svör hans við þeim bókuð eftir honum í óbeinni ræðu.

06025

Gögn frá hlutafélagaskrá**Baugur hf.**

Hreini er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum úr hlutafélagaskrá um stofnun, stjórn og feril breytinga á skipan stjórnar og fleira í Baugi Group hf. (áður Baugur hf.) Samkvæmt samantektinni er Hreinn sagður hafa gegnt starfi stjórnarmanns í Baugi hf. frá stofnun félagsins 7. júlí 1998 og til 30. desember 1999. Hreinn er enn fremur samkvæmt samantektinni sagður hafa tekið við starfi stjórnarformanns, dags. 30. desember 1999, og sagður hafa gegnt því starfi til þess tíma sem samantekin nær til, eða 3. júní 2002 (aðalfundi 30. maí 2002).

- Skjal málsins nr. II/16.1

Hreinn er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Hreinn segir að þessar upplýsingar séu réttar.

Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Hreini er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, hæstaréttarlögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögfræðingi. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-

	Kr.	1.150.000.000,-

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þennan samning.

Hreinn segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þennan samning á þeim tíma er hann var gerður. Hins vegar segir Hreinn að hann hafi séð þennan samning við rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Hreinn segir að hann rámi í umræðu frá haustinu 1998 um að 10-11 væri komið inn í innkaupasamstarf við Aðföng, og hafi það verið talið gott fyrir rekstur Aðfanga.

Hreinn er spurður hvort Jóni Ásgeiri Jóhannessyni hafi verið falið af stjórn Baugs hf. umboð til að ganga til samninga við hjónin Helgu Gísladóttur og Eirík Sigurðsson um kaup hlutafjár Vöruveltunnar hf. með umræddum samningi frá 7. október 1998.

Hreinn segir að hann muni ekki eftir umræðu um það á vettvangi stjórnar Baugs hf. frá þessum tíma.

Greiðsla á kr. 200.000.000, sem fara átti fram 8. október skv. kaupsamningi 7. október 1998

Hreini er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna greiðslu á kr. 200.000.000, dags. 8. október 1998. Hreini er samhliða þessari afrituðu kvittun sýnt afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf. ¹ nr. 1151-26-156, dags. 30. september 1998; ljósrít af tékka, útgefnum af SPRON, stíluðum á Helgu Gísladóttur og framseldur af sömu, dags. 8. október 1998; afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 200.000.000 á reikning Helgu Gísladóttur nr. 0327-26-001706, dags. 9. október 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.1, II/50.2.2, II/50.2.3 og II/50.2.4

Hreini er kunnbert að grunur sé um að þetta hafi verið fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningum. Grunur er um að greiðslan hafi í fyrstu verið fjármögnuð þannig að kr. 200.000.000 voru teknar af reikningi frá Baugi-Aðföngum ehf. (dótturfélagi Baugs hf.), nr. 1151-26-000156 og umrædd fjárhæð í framhaldi lögð inn á bankareikning SPRON nr. 1151-26-009999. SPRON hafi síðan útbúið tékka í eigin nafni stílaða á Helgu Gísladóttur. Fyrir liggur að tékkinn var innleystur 9. október 1998, og fjárhæðin lögð inn á reikning Helgu nr. 0327-261708.

¹ Hér virðist hafa verið gerð nafnbreyting á umræddum reikningi, en hann bæði Baugur-Aðföng ehf. og Baugur sf. eru sögð vera reikningseigendur.

Hreinn er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um þessa ráðstöfum.

Hreinn segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þessa ráðstöfun.

Hreini er sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group/Aðfanga – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar; útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á hreyfingalista viðskiptamanns frá 1. jan. 1998 til 31. des. 2000 og útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á hreyfingalista lánardrottna frá 1. jan. 1998 til 31. des. 2000. Samkvæmt umræddum gögnum hafa kr. 200.000.000 verið færð sem „lán“ til Baugs hf., dags. 8. október 1998. Samkvæmt upplýsingum úr bókhaldi Baugs hf. á þessum tíma verður ekki séð að umrædd fjárhæð hafi verið tekin að láni hjá Baugi-Aðföngum.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.5 til II/50.2.7

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að honum hafi verið þetta ókunnugt og þekki ekki til þessara færslna. Hreinn segir að hans hlutverk sem stjórnarmanns í Baugi hf. hafi ekki verið að fylgjast með einstaka færslum úr bókhaldi Baugs-Aðfanga ehf., heldur hafi slíkt verið á hendi stjórnanda og endurskoðanda.

Fyrri endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000

Hreini er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagningar á kr. 116.356.027,86 inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., dags. 4. desember 1998; afrit af samriti reikningsyfirlita Íslandsbanka á reikningi nr. 0515-26-014044, dags. 4. desember 1998; afrit af tékka Íslandsbanka, stíluðum á Eirík Sigurðsson, að fjárhæð kr. 116.356.027,86, dags. 3. desember 1998; afrit af úttektarnótu Íslandsbanka, dags. 3. desember 1998; afrit af handrituðu blaði með ýmsum upplýsingum um fjárhæðir, þ. á m. kr. 200.000.000 og 116.356.027,86, ódagsett; afrit af yfirlýsingu Ragnars Tómassonar um að hafa í lok árs 1998 eða byrjun árs 1999 fengið greiðslu að fjárhæð ca 13 milljóna króna fyrir að hafa haf milligöngu um sölu á Vöruveltunni hf., dags. 2. júlí 2004 og afrit af tékka að fjárhæð kr. 12.671.246 og útgefnum af Ingibjörgu Stefáns, dags. 30. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.3.1, II/50.3.2, II/50.3.3, II/50.3.4, II/50.3.5 og II/50.3.6

Grunur er um að kr. 100.000.000 af þessari fjárhæð, kr. 116.356.028, hafi verið endurgreiðsla á helmingi þeim 200.000.000 kr. sem greiddar voru 8. október 1998. Umrædd fjárhæð var lögð inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. í tengslum við uppgjör Íslandsbanka hf. og Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar á sölu 40 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. samkvæmt samningi þeirra frá 10. nóvember 1998 (þar af 35 % til Eignarhaldsfélags Alpýðubankans (27,14 %), Lífeyrissjóðsins Lífiðnar (2,86 %) og Landsbréfa (5 %) og 5 % til Íslandsbanka hf.), sbr. skjöl málsins II/50.7 og II/50.7.1. Samkvæmt því sem fram kemur á viðskiptakvittun vegna þessarar innborgunar er skýring greiðslunnar sögð vera „GREIÐSLA V/YFIRDR.“

Hreini er enn fremur sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar. Samkvæmt umræddum hreyfingalista verður ekki séð þessi fjárhæð hafi verið færð í bókhald Baugs-Aðfanga ehf. sem endurgreiðsla á láni frá Baugi hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.5

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að honum hafi verið ókunnugt um þetta.

Síðari endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000

Hreini er sýnt afrit af lánasamningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Þorsteins M. Jónssonar við Kaupþing hf. fjárfestingarbanka vegna lántökuheimildar að heildarfjárhæð kr. 100.000.000, dags. 21. desember 1998. Samhliða lánasamningnum er Hreini sýnt afrit af bréfi Kaupþings Búnaðarbanka hf. til skattranssóknarstjóra ríkisins vegna 100 millj. útgreiðslu af reikningi 1100-26-1505 inn á reikning 1151-26-156 hinn 21. desember 1998, dags. 1. júní 2004; afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-

26-156, dags. 28. desember 1998 og afrit af tilkynningu um millifærslu inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156 á kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf., dags. 21. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.4.1, II/50.4.2, II/50.4.3 og II/50.4.4

Grunur er um að þessi greiðsla frá 21. desember 1998, að fjárhæð kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf. inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., hafi verið greiðsla til baka á síðari helmingi 200 milljón króna upphafsgreiðslunnar.

Hreini er enn fremur sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar. Samkvæmt umræddum hreyfingalista er umrædd greiðsla auðkennd Baugi hf. þannig að sem um greiðslu frá Baugi hf. hafi verið að ræða.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.5

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta og vísar til fyrra svars um hlutverk sitt sem stjórnarmanns. Hreinn segir að hann hafi aldrei séð þessi skjöl varðandi þessa lánveitingu.

Aðrar greiðslur skv. kaupsamningi frá 7. október 1998 og fjármögnun þeirra

Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.

Hreini er sýnt afrit af lánabeiðnum Fjárfars og Eiríks Sigurðssonar hjá Íslandsbanka vegna kaupa á hlutum í Vöruveltunni, dags. 16. nóvember 1998; afrit af tveimur lánstilboðum að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998; afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998 og vottuð af Grétari Haraldssyni og Ragnari Tómassyni; afrit af úttektarnótum Íslandsbanka vegna úttekta á kr. 351.777.778 og kr. 450.000.000, dags. 16. nóvember 1998 og afrit af innlagnar- og úttektarnótu Íslandsbanka hf. vegna úttekta á kr. 77.000.000 vegna Vöruveltunnar hf., dags. 3. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.5.1, II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5, II/50.5.6 og II/50.5.7

Grunur er um að greiðslur vegna kr. 800.000.000, sem fara áttu fram 5. nóvember 1998, hafi átt sér stað í tvennu lagi 16. nóvember 1998 og hafi afhending félagsins að sama skapi dregist til þess tíma. Í fyrsta lagi voru kr. 351.777.778 greiddar inn á reikning Helgu Gísladóttur nr. 515-26-404848, en greiðslan samanstendur af innborgun að fjárhæð kr. 350.000.000 og vaxtagreiðslu að fjárhæð kr. 1.777.778. Grunur er um að þetta hafi verið fjármagnað með svokölluð brúarláni Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur að fjárhæð kr. 350.000.000 þar til búið væri að selja 35 % eignahlut í félaginu, sem síðar var seldur til Eignarhaldfélags Alpýðubankans o. fl. Í öðru lagi voru kr. 450.000.000 innborgaðar á reikning í eigu Helgu nr. 515-26-404848. Grunur er um sú greiðsla hafi verið fjármögnuð með sölu á 35 % eignarhluta í Vöruveltunni til Fjárfars ehf. samkvæmt sérstökum samningi.

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að hann honum hafi ekki verið kunnugt um þetta. Hreinn segir að honum hafi verið kynnt þessi skjöl hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, en hafi fyrir þann tíma ekki séð þau áður.

Greiðsla á fjárhæð kr. 350.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 40 % til stofnfjárfesta
Hreini er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998.

Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar sem eigendur að öllu hlutfé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignahlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar kr. 490.000.000]. Samkvæmt samningum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar 490.000.000]. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands [5 % eignahlutur samsvarar kr. 57.500.000, þ. e. miðað við heildarverðmæti kr. 1.150.000.000].

- Skjal málsins nr. II/50.7

Hreini er sérstaklega sýnt afrit af útprentun frá Íslandsbanka með yfirskriftinni „Uppgjör v/sölu á 40% eignarhlut í Vöruveltunni hf. sbr. samning milli aðila frá 10. nóvember 1998“, dags. í Reykjavík 4. desember 1998. Samkvæmt umræddu skjali hefur greiðsla að fjárhæð kr. 350.000.000 verið fjármögnuð með bráðabirgðaláni að fjárhæð kr. 351.777.778 þeirra Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar, sbr. skjal málsins nr. II/50.5.1 (bls. 2 og 3), en umrædd 40 % hafi síðan verið seld til stofnfjárfesta og í dreifðri sölu fyrir heildarandvirði 547.500.000 (35 % hlutur á kr. 490.000.000).

- Skjal málsins nr. II/50.7.1 og II/50.5.1

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta og þekki ekki til þessa máls.

Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf.
Hreini er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Sem áður segir kemur fram í samningum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Hreini er sérstaklega sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutfjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

- Skjal málsins nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta.

Greiðsla á kr. 150.000.000, sem fara átti fram með vixli útgefnum 16. nóvember 1998 – greitt með hlutabréfum

Hreini er sýnt afrit af vixli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að fjárhæð kr. 150.000.000, þar sem greiðandi er Eignarhaldsfélagið Gaumur og útgefandi Fjárfestingarfélagið Gaumur, dags. 16. nóvember

1998, - með gjalddaga 1. mars 1999. Hreini er enn fremur sýnt afrit af símbrefi Kaupþings hf. til hluthafaskrár Baugs hf. um að sölu Kaupþings Lúxemborg á hlut í Baugi að nafnverði 16.200.000 til Helgu Gísladóttur, dags. 3. nóvember 1999 og afrit af greinargerð um viðskipti með hlutabréf í Baugi hf., dags. 2. mars 2004. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi fjárhæð ekki hafa verið greidd með umræddum víxli heldur hlutabréfum í Baugi hf. að nafnvirði kr. 16.200.000 eða að söluandvirði kr. 162.000.000.

- Skjöl málsins nr. II/50.6.1, II/50.6.2 og II/50.6.3

Grunur er um að þessi víxill hafi ekki verið greiddur, heldur hafi þau Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðsson fengið hlutabréf að nafnvirði kr. 16.200.000 í Baugi hf. Bréfin munu hafa komið frá Kaupthing Luxembourg. Grunur er um að af þeirri fjárhæð hafi kr. 12.000.000 verið vegna vaxta. Grunur er um að þessi bréf hafi verið seld af fjárvörslureikningi Baugs hf. Kaupthing Luxembourg og að greiðslan hafi verið notuð til að standa skil á greiðslum á grundvelli kaupþéttarákvæða í starfssamningum nokkurra stjórnenda Baugs Group hf., þ. á m. Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um það.

Hreinn segir að honum hafi verið þetta ókunnugt.

Fundargerðir Baugs hf.

Hreini er sýnt afrit af fundargerð stjórnar Baugs hf. vegna 15. stjórnarfundar félagsins, dags. 20. maí 1999. Samkvæmt umræddri fundargerð hafa eftirtaldir verið viðstaddir fundinn: Óskar Magnússon, Hreinn Loftsson, Jóhannes Jónsson, Þorgeir Baldursson, Guðfinna Bjarnadóttir, Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson. Samkvæmt fundargerðinni kemur fram að Jón Ásgeir Jóhannesson væri í viðræðum við eigendur 10-11 og um leið íslensk samkeppnisyrðing, með það að markmiði að Baugur hf. mundi kaupa félagið. Samkvæmt fundargerðinni er sagt að samkomulag um málið sé á næsta leiti. Samkvæmt fundargerðinni samþykkti stjórn Baugs hf. á fundinum kaup á 10-11 smásölukeðjunni, m. a. að því tilskildu að leigusamningar vegna verslana væru í lagi og að Baugur hf. hefði endurkauparétt til að kaupa til baka eigin hlutabréf sem gefin yrðu út í tengslum við söluna. Samkvæmt fundargerðinni hefur verið lagt fyrir stjórn félagsins „Business Plan“ vegna fyrirhugaðra kaupa. Hreini er samhliða þessari fundargerð sýnt afrit af fundargerð stjórnar Baugs hf., dags. 1. júní 1999. Samkvæmt þeirri fundargerð hafa eftirfarandi verið viðstaddir fundinn: Óskar Magnússon, Guðfinna Bjarnadóttir, Hans Kristian Hustad, Jóhannes Jónsson, Þorgeir Baldursson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Samkvæmt fundargerðinni hefur samningur um kaup á 70 % hlutafé í Vöruveltunni hf. verið kynntur stjórninni.

- Skjöl málsins nr. II/50.20.2 og II/50.20.3

Hreinn er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi veitt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni umboð á stjórnarfundum, dags. 20. maí 1999, til að ganga til samninga við eigendur Vöruveltunnar hf. um kaup Baugs hf. á hlutafé félagsins.

Hreinn segir að hann muni eftir þessari umræðu innan stjórnar Baugs hf. Hreinn segir að hann líti svo að stjórnin hafi á þessum fundum veitt forstjóra félagsins, Jóni Ásgeiri, umboð til að ganga til samninga við Helgu og Eirík um kaup á Vöruveltunni hf. Aðspurður segir Hreinn að hans skilningur hafi ávallt verið sá að Baugur hf. hafi verið að ganga til samninga við Helgu og Eirík – þáverandi aðaleigendur Vöruveltunnar hf.

Hreini er sérstaklega sýnt „Draft“ af „Business Plan“ fyrir 10 – 11, sem grunur er um lagt hafi verið fram fyrir stjórn Baugs hf. á 15. stjórnarfundum félagsins. Í umræddu skjali virðist sú hugmynd; að kaupa verslanakeðjuna 10-11, hafa verið kynnt stjórn félagsins.

- Skjöl málsins nr. II/50.20.2.1

Hreinn er spurður hvort hann kannist við umrætt skjal.

Hreinn segir að hann muni eftir umfjöllun um þetta innan stjórnar Baugs hf., en segir að hann muni ekki nákvæmlega hvort þetta skjal hafi verið lagt fyrir stjórnarmenn Baugs hf. Það sé þó alls ekki ólíklegt að það hafi verið þetta skjal, sbr. umfjöllun í fundargerð vegna 15. stjórnarfundar stjórnar Baug hf.

Hreinn er spurður hvort hann kannist við umræðu eins og í „Business Plan“ segir, að ef Baugur hf. mundi ekki kaupa Vöruveltuna hf. yrði félagið selt keppinautum.

Hreinn segir að þetta hafi sjálfsagt verið rætt enda mikilsumvert að bæta slíkri einingu inn í reksturinn. Þetta hafi því verið talinn góður fjárfestingarkostur.

Hreinn er spurður hvernig innkaupasamstarfi milli Baugs-Aðfanga ehf. og Vöruveltunnar hf. hafi verið komið á.

Hreinn segir að hann rámi í að vitneskja um það hafi verið komin einhvern tímann fyrr um veturinn, þ. e. að Vöruveltan væri komin í viðskipti við Aðföng. Hreinn segir að hann muni eftir umræðu um það þyrfti að fjölga þeim sem ættu í innkaupasamstarfi við Aðföng.

Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999

Hreini er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignarhlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfar ehf. þar af leiðandi 45 % eignarhlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnvirði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.9

a) Við undirritun kaupsamnings	kr.	225.000.000,-
b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi	kr.	162.000.000,-
c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv.	kr.	65.000.000,-

	Kr.	447.000.000,-

Hreinn er spurður hvort hann kannist við umræddan samning.

Hreinn segir að hann hafi ekki komið að gerð þessa samnings, en vísar í því sambandi til fundar stjórnar 20. maí 1999 þar sem ákveðið hafi verið að kaupa Vöruveltuna hf.

Hreinn er spurður hvort fyrirkomulag á greiðslum hafi gengið eftir af hálfu kaupanda.

Hreinn segir að hann þekki ekki til útfærslunnar, enda ekki fylgst með henni.

Hreini er sýnt skjal með yfirskriftinni „10 – 11 Memo til óm“ frá Jóni Ásgeiri, ódagsett.

- Skjal málsins nr. II/50.21.6

Hreinn er spurður hvort hann kannist við umrætt skjal.

Hreinn segir að hann muni ekki eftir að hafa séð þetta skjal.

Greiðsla á kr. 225.000.000 (greitt í þrennu lagi), sem greiðast átti við undirritun kaupsamnings

Hreini er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. vegna greiðslu að fjárhæð kr. 225.000.000 hinn 20. maí 1999; afrit af útprentuðum upplýsingum úr bókhaldi Baugs Group hf. á tímabili frá 20. maí 1999 til 30. júní 2000 og afrit af útprentun á hreyfingalista úr bókhaldi Baugs hf., dags. 26. júní 1999. Samkvæmt umræddum gögnum er Helga Gísladóttir sögð hafa fengið umræddar kr. 225.000.000 greiddar.

- Skjöl málsins nr. II/50.9.1, II/50.9.2 og II/50.9.3

Hreinn er spurður hvort þessi greiðsla hafi verið vegna samnings um kaup á eignarhluta Vöruveltunnar hf., dags. 21. maí 1999.

Hreinn segir að svo geti verið en að hann þekki ekki til þessa og geti ekki tjáð sig sérstaklega um það.

Greiðsla á kr. 25.000.000 til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar

Hreini er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka að fjárhæð kr. 25.000.000, útgefnum af prókúruhafa Baugs hf., Lindu Jóhannsdóttur, til handa handhafa, dags. 19. maí 1999 og afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 25.000.000 inn á reikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar nr. 1151-26-680, dags. 20. maí 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan“.

- Skjöl málsins nr. II/50.10.1, II/50.10.2 og II/50.9.1

Hreinn er spurður hvort honum eða stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um hvert þessi fjármunir hafi runnið.

Hreinn segir að hann þekki þetta ekki og geti ekki tjáð sig um það.

Greiðsla að fjárhæð kr. 36.500.000 til Fjárfestingarfélagins Gaums ehf.

Hreini er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka hf. útgefnum af prókúruhafa Baugs hf. Lindu Jóhannsdóttur, að fjárhæð kr. 36.500.000, dags. 8. júní 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan“.

- Skjöl málsins nr. II/50.11.1 og II/50.9.1

Hreinn er spurður hvort honum eða stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um hvert þessi fjármunir hafi runnið.

Hreinn segir að hann þekki þetta ekki.

Greiðsla að fjárhæð kr. 163.500.000 – ráðstöfun á móti kaupum Fjárfars í Vöruveltunni

Hreini er sýnt afrit af viðskiptayfirliti Íslandsbanka hf. vegna sölu Fjárfars ehf. á hlutabréfum í Vöruveltunni að nafnverði kr. 30.480.000, dags. 14. maí 1999 – söluverð kr. 163.500.000 og afrit af bréfi Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna beiðni um gögn og upplýsingar vegna viðskipta Baugs hf. og sölu Íslandsbanka hf. á Vöruveltunni hf., dags. 1. mars 2001. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi greiðsla hafa verið fjármögnuð með þeim hætti að Fjárfar ehf. keypti 10 % af hlutafé Vöruveltunnar, dags. 14. maí 1999, eða viku áður en kaupsamningur um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafé Vöruveltunnar hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.12.1 og II/50.12.2

Hreini er enn fremur sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á dagbók félagsins og afrit af yfirliti tékkareiknings í eigu Baugs hf. Samkvæmt umræddum gögnum hefur þessi greiðsla runnið til Íslandsbanka hf. úr sjóðum Baugs hf. og er sögð vera vegna Helgu Gísladóttur.

- Skjöl málsins nr. II/50.12.3 og II/50.12.4

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að hann honum hafi verið þetta ókunnugt.

Greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiða átti með skuldabréfi (greitt með láni)

Hreini er sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til Baugs hf. vegna láns til Baugs hf. að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 30. júní 1999; afrit af bókunarblaði vegna fjárhæðarinnar 162.000.000, dags. 30. júní og afrit af útprentun úr bókhalda Baugs hf. með upplýsingum um skammtímalán að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 2. og 7. júlí 1999. Hreini er kunnbert að grunur sé um að þessi greiðsla hafi ekki farið fram með skuldabréfi, heldur hafi hún verið greidd með láni frá Kaupþingi Luxembourg, sem síðan hafi verið gert upp með hlutabréfum – þeim hinum sömu og notuð voru til að gera upp víxil að fjárhæð kr. 150.000.000 og fara átti fram 1. mars 1999 á grundvelli kaupsamningsins frá 7. október 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.13.1, II/50.13.2 og II/50.13.3

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að honum hafi verið ókunnugt um þetta.

Gögn vegna greiðslu með hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 65.000.000

Hreini er sýnt afrit af hreyfingalista í hlutaskrá Baugs hf. v/ Fjárfars ehf. frá 30. júní 1999 til 20. september 2000; afrit af minnisblaði vegna aukaaðalfundar Baugs hf., haldinn 24. júní 1999 – tillaga um aukningu hlutafjár í Baugi hf. og afrit af minnisblaði vegna flutnings Baugs hf. í bankaviðskipti við Íslandsbanka, dags. 10. júní 1999. Hreini er samhliða téðum gögnum sýnt afrit af fundargerð hluthafafundar Baugs hf., dags. 24. júní 1999. Hreini er kunnbert að samkvæmt umræddum gögnum hafi hluthafar Baugs hf. samþykkt að auka hlutafé í félaginu um kr. 82.500.000 að nafnverði, sem nota átti sem gagnjald fyrir hlutabréf í Vöruveltunni hf. Hreini er kunnbert að fyrir liggi að hlutabréf að nafnverði kr. 65.000.000 í Baugi hf. hafi runnið til Fjárfars ehf. eða að markaðsvirði kr. 650.000.000 og hlutabréf að nafnverði kr. 17.500.000 eða markaðsvirði kr. 175.000.000 hafi runnið til Íslandsbanka. Fyrir liggur að þessi hlutabréf hafi verið fengin með aukningu hlutafjár í Baugi hf. samkvæmt aukahlutahafafundi frá 24. júní 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.14.1, II/50.14.2, II/50.14.3, II/50.14.4 og II/50.14.2

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að hann þekki þetta ekki og hafi ekki verið kunnugt um þetta.

Sölusamningur, dags. 5. júní 1999

Hreini er sýnt afrit af sölusamningi Helgu Gísladóttur vegna sölu og afsals á 25 % hlutafjareignar í Vöruveltunni hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dags. 5. júní 1999 – kaupverð kr. 297.500.000. Samkvæmt téðum samningi hefur Jón Ásgeir Jóhannesson keypt 25 % hlutafé í Vöruveltunni hf. Kaupverðið er sagt kr. 297.500.000 og átti að greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.15

- | | | |
|--|-----|----------------|
| 1. Kaupandi hefur þegar greitt með peningum | kr. | 287.500.000.00 |
| 2. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnverði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda þegar Apótekið eign Gaums hf. hefur verið metið inn í Baug h. f. (ágúst 1999) | " | 5.000.000.00 |

3. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda í október 2000

"	5.000.000.00
<u>Samtals kr.</u>	<u>297.000.000.00</u>

Hreinn er spurður hvort honum eða stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um þennan samning.

Hreinn segir að muni ekki til þess að hafa séð þennan samning áður, en svo geti verið að honum hafi verið sýndur hann hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Greiðslur með hlutabréfi að nafnvirði kr. 10.000.000

Hreini er sýnt afrit af samantekt innri endurskoðunar Baugs Group hf. á viðskiptahreyfingum í eldra hlutabréfakerfi Baugs Group hf. vegna viðskiptamannsins Helgu Gísladóttur – kaup á hlutabréfi, dags. 10. desember 1999 – nafnvirði viðskipta kr. 10.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.15.1

Hreini er kunnugt að grunur sé um að samningurinn hafi verið gerður til að ljúka endanlegu uppgjöri vegna viðskipta milli hans og hjónanna Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur, sem hófust með samningi 7. október 1998. Grunur er um að þessi samningur hafi tryggt hjónunum hækkun á söluverði Vöruveltunnar hf. um kr. 100.000.000 eða sem samsvarað hafi hlutum í Baugi hf. að nafnvirði kr. 10.000.000 miðað við markaðsverð á genginu 10.

Hreinn er spurður hvort honum eða stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um að þessi hlutabréf hafi runnið til hjónanna Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

Hreinn segir að hann þekki ekki þessi viðskipti og geti því ekki tjáð sig um þau.

Samstarfs- og sölusamningur, dags. 5. júní 1999

Hreini er sýnt afrit af samstarfs- og sölusamningi milli Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Baugs hf. hins vegar, dags. 5. júní 1999. Umræddur samningur fól í sér að Helga Gísladóttir seldi Baugi hf. 50 % af hlutafjareign sinni í Veltunni ehf. fyrir hlutabréf í Baugi hf. að nafnvirði kr. 10.000.000. Umrætt félag mun hafa átt sér stoð í 9. gr. kaupsamnings, dags. 21. maí 1999, um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafjár í Vöruveltunni af Helgu Gísladóttur og Fjárfari ehf., en þar segir eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.16 og II/50.9

Helga Gísladóttir og Baugur munu í sameiningu stofna félag með 5 millj. kr. hlutafé sem þau mun [svo] eiga að jöfnu sem hefur það að markmiði að vinna að því að stofna og starfrækja verlanir undir nafninu 10-11 erlendis. Unnið er að skráningu firmanafnsins í Evróðu [svo], Kanada og Bandaríkjunum og telst sú skráning eign hins nýja sameiginlega félags án sérstaks endurgjalds af hálfu Baugs, en ógreiddur kostnaður vegna skráningarinnar greiðir nýja félagið.

Hreinn er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi og enn fremur spurður hvort hann hafi verið efndur og fyrir hvað hann hafi staðið.

Hreinn segir að hann muni eftir þessum samningi frá því að honum hafi verið sýndur hann hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Hreinn segir að hann rámi í umræðu um að Eiríkur tæki að sér einhver ráðgjafastörf fyrir Baug hf. Hreinn segir að hann muni ekki eftir nánari útfærslu á því.

Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum**Litla fasteignafélagið ehf.**

Hreinn er spurður hvort hann geti gert einhverja grein fyrir Litla fasteignafélaginu ehf.

Hreinn segir að hann þekki ekkert til þess félags og geti því enga grein gert fyrir því.

Gögn frá hlutafélagaskrá um Fasteignafélagið Stoðir hf.

Hreini er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Fasteignafélaginu Stoðum hf. Umrædd samantekt er byggð á gögnum er Ríkislögreglustjórinn aflaði hjá hlutafélagaskrá. Samkvæmt umræddum gögnum virðast þau Tryggvi Jónsson, Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson hafa stofnað hlutafélagið Fasteignafélagið Stoðir hf. 3. maí 1999. Samkvæmt umræddum gögnum virðist Tryggvi Jónsson hafa við stofnun félagsins hafa verið stjórnarformaður, en þau Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson verið meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri félagsins hefur við stofnun verið Linda Jóhannsdóttir. Endurskoðun félagsins við stofnun er sögð í höndum KPMG Endurskoðunar hf. og ritar Stefán Hilmarsson fyrir því. Aðalstarfsemi félagsins er sögð vera kaup og sala fasteigna og lausafjármuna, útleiga eigna, verðbréfavíðskipti og annar skyldur rekstur. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist stjórn félagsins hafa verið óbreytt til 25. ágúst 1999 en þá hefur Þórarinn Sveinsson tekið við stjórnarsetu af Jóni Scheving Thorsteinssyni og enn fremur Runólfur Þór Runólfsson ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

- Skjöl málsins nr. II/50.8.0 og II/50.8.1 til II/50.8.15

Hreinn er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessu félagi; stofnun þess og eignarhaldi, en samkvæmt ársreikningi fyrir árið 1999 mun félagið hafa verið dóttur- eða hlutdeildarfélag Baugs hf.

Hreinn segir að málefni Fasteignafélagsins Stoða hf. þekki hann lítið. Hins vegar þekki hann það félag, þá sem félag um rekstur fasteigna Baugs hf., en félagið hafi samkvæmt því sem hann best muni verið hlutadeildarfélag Baugs hf. Hreinn segir að Kaupþing hf. hafi enn fremur komið að eignarhaldi félagsins í upphafi á móti Baugi hf.

Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.

Hreini er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Sólveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf. Samhliða þessum gögnum er Hreini sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar og Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 14:38, 16:05 og 16:25, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum. Kaupsamningsdrög vegna kaupa Litla fasteignafélagsins ehf. á fasteignum Vöruveltunnar hf. voru einnig send með viðhengi tölvupósts með yfirskriftinni „Afsal“, frá Hafsteini Sæmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 24. ágúst 1999 kl. 13:44.

- Skjöl málsins nr. II/50.17.4 til II/50.17.7, II/50.23.3 og II/50.23.5

Samkvæmt téðum gögnum og kaupsamningsdrögum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er grunur um að söluverð til Litla fasteignafélagsins ehf. hafi miðast við bókfært verð, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.23.5

Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JAJ

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að hann þekki ekki til þessa.

Sala fasteigna frá Litla fasteignafélaginu ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.

Hreini er sýnt afrit af samkomulagi Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 1. nóvember 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 1. nóvember 1999 og afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 1. nóvember 1999. Samhliða þessum gögnum er Hreini sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar og Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 14:38, 16:05 og 16:25, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.2 til II/50.18.4 og II/50.23.5

Hreini er enn fremur sýnt afrit af kaupsamningi milli Fasteignafélagsins Stoða hf. (kaupandi) og Litla fasteignafélagsins ehf. (seljandi) um yfirfærslu eignarréttar fasteigna að Barónstíg 2, Engihjalla 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhamra 3, Langarima 21-23 og Efstasund 26, dags. 1. júní 1999. Samkvæmt umræddum samningi hefur Fasteignafélagið Stoðir hf. keypt fasteignir frá Litla fasteignafélaginu ehf. fyrir samtals kr. 604.554.000, en þar af eru fasteignir er áður voru í eigu Vöruveltunnar hf. metnar á kr. 357.204.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf. Umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er grunur um að verðið hafi miðast við leigu í átta og hálf ár, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.18.1 og II/50.23.5

Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JAJ

Hreinn er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Hreinn segir að hann geti ekkert sagt um þetta þar sem hann hafi ekki haft vitneskju um þetta.

Hreini er sýnt afrit af uppgjöri vegna kaupsamnings dags. 1. júní 1999 milli Fasteignafélagsins Stoða hf., sem kaupanda og Litla fasteignafélagsins, sem seljanda, ódagsett og afrit af reikningsyfirlitum Íslandsbanka á reikningi Gaums nr. 0527-26-1099 vegna innborgana að fjárhæð kr. 50.000.000, dags. 7. september 1999; kr. 10.000.000, dags. 18. október 1999 og kr. 97.606.323, dags. 20. desember 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.5 og II/50.18.6

Hreini er kunnbert að samkvæmt téðum gögnum hafi söluhagnaður fasteigna verið tilkominn vegna sölu fasteigna Litla fasteignafélagsins ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf., dags. 1. júní 1999. Samtals hafi söluverðmæti fasteignanna sem áður segir numið 604,6 milljónum kr. og að fráðregnum yfirteknum langtímalánum að fjárhæð 252,7 milljónum kr. skv. kaupsamningi og yfirtöku skammtímaskulda hafi útborgun numið kr. 157.606.323 og hafi hún runnið inn á bankareikning í eigu Fjárfestingafélagsins Gaum ehf. sem hér segir:

Dags.	Kr.
07.09.1999	50.000.000
18.10.1999	10.000.000
20.12.1999	97.606.323
Samtals	157.606.323

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta.

Hreini er sýnd tafla þar sem teknar hafa verið saman upplýsingar um kaup og sölu allra fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf. á árunum 1998 og 1999. Taflan byggir á tilvísuðum skjölum og þeim gögnum sem honum hefur nú verið kynnt.

Fasteignir: Í þús. kr.	Skjala- númer	Kaupverð 1998	Skjala- númer	Kaupverð 1999	Skjala- númer	Söluverð 01.06.1999	Mismunur
<i>Keypt af Vöruveltunni hf.:</i>							
Suðurlandsbraut 48	II/50.23.5	11.812				14.790	2.978
Laugalækur 2	II/50.17.5	21.032			II/50.18.3	58.038	37.006
Sporhamrar 3	II/50.17.6	39.324			II/50.18.4	58.038	18.714
Langarimi 21-23	II/50.17.4	52.432			II/50.18.2	58.038	5.606
Grímsbær/Efstaland 26		92.500				168.300	75.800
<i>Samtals keypt af Vöruv.:</i>	II/50.23.5 II/50.17.7	<i>217.100</i>				<i>357.204</i>	<i>140.104</i>
<i>Keypt af öðrum:</i>							
Engihjalli 8	II/50.17.7	158.000				183.600	25.600
Barónstígur 2 – kaupár 1999	II/50.17.7		II/50.19.3 (bls. 9)	62.000		63.750	1.750
Samtals	II/50.17.7	375.100		62.000	II/50.18.1 II/50.18.5	604.554	167.454

Samkvæmt téðri töflu hefur hagnaður af viðskiptum vegna sölu fasteigna, sem áður voru í eigu Vöruveltunnar hf., numið um 140 milljónum króna.

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreinn segir að hann þekki ekkert til þessara viðskipta.

Hreinn er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.


Hreinn segir að svo sé ekki.


Hreinn hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirlestri skýrslu lokið miðvikudaginn 8. júní 2005 kl. 11:55


Yfirlesið staðfest rétt

Skýrslu gerir


Hreinn Loftsson


Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu


Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi